# EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
22. árgangur
Júlí 2019



Actavis



# Er maginn í steik?




## Omeprazol Actavis
## – Við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Omeprazol Actavis**, 20 mg magasýruþolin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga.
**Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Actavis 811110



# ÍV - EIGNASÖFN

## EIGNADREIFING OG VIRK STÝRING

ÍV Eignasöfn eru góður kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta í mismunandi eignaflokkum og kjósa að ná fram hentugri dreifingu á milli eignaflokka með einföldum hætti með fjárfestingu í sjóðum.

- **EIGNASAFN I** (SKULDABRÉF)
- **EIGNASAFN II** (SKULDABRÉF OG HLUTABRÉF)
- **EIGNASAFN III** (ERLEND ÁHERSLA – SKULDABRÉF OG HLUTABRÉF)

Kynntu þér málið á **www.iv.is** eða hafðu samband í síma **460-4700**

Auglýsingu þessa skal ekki túlka sem fjárfestingaráðgjöf og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel áhættuþætti sem fylgja fjárfestingu í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, www.iv.is.

ÍSLENSK VERÐBRÉF

síðan 1987

**Útgefandi: Eining-Iðja**
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

**Ábyrgðarmaður:**
Björn Snæbjörnsson

**Ritstjóri**
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Forsíðumynd:**
Hrísey
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Prentvinnsla:**
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið

**TAK INNRÉTTINGAR**
*Stofnað 1990*

- INNRÉTTINGAR
- INNIHURÐIR
- ÍSLENSK SÉRSMÍÐI
- RÁÐGJÖF OG TEIKNINGAR
- ÁRATUGA REYNSLA





40 ÁRA
BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR
*Stofnað 1978*

*HAFÐU SAMBAND*
**SS BYGGIR EHF.**
Njarðarnesi 14 - 603 Akureyri - Sími 460 6100
ssbyggir@ssbyggir.is - www.ssbyggir.is

Við erum líka á Facebook

# Efnisyfirlit

5 Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf
6 Nýr starfsmaður
6 Orlofsuppbót 2019
6 Opnunartímar í sumar
8 Fjölbreytt starfsemi Orlofssjóðs
9 Trúnaðarmannanámskeið næsta vetur
9 Launaþróunartrygging hjá ríki og sveitarfélögum
10 20 ár liðin frá sameiningu
11 Gistimiðar á Keahótel
12 Kjarasamningar á almenna markaðinum
14 Samningur við sveitarfélögin
15 Samningur við ríkið
16 Bjarg íbúðafélag
18 Aðalfundur Einingar-Iðju
21 To the members of Eining-Iðja
22 Námskeiðið „Ungir leiðtogar"
23 Góð þátttaka í 1. maí hátíðarhöldum
24 Ert þú að vinna á...
24 Eining-Iðja er á Facebook
24 Þrif og umsjón
24 Eining-Iðja mætir á LÝSU
25 *Do członków związku Eining-Iðja*
25 ถึงสมาชิก *Einingu-Iðju* ทุกท่าน
26 Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
27 Hótel Edda – gistimiðar til sölu
28 Gistimiðar frá Íslandshótel
28 Útilegukortið
28 Reynslutími/starfsþjálfun er líka vinna
28 Veikindi í orlofi
29 Veiðikortið
29 Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
29 Ekki segja upp í veikindum
30 Verðlagseftirlit ASÍ
30 Ungliðafundur SGS
32 Kennitöluflakk
32 Keðjuábyrgð við opinber innkaup
34 Hvað er Klukk? - What is Klukk? - Co to jest Klukk?
34 Ert þú að vinna í sumar?
34 Laus hús í sumar

**HORFÐU Á N4**
**ÞAR SEM ÞÚ VILT**
**ÞEGAR ÞÚ VILT**

Línuleg dagskrá
Á netinu www.n4.is
Facebook
YouTube
NOVA appið
OZ appið
Tímaflakk Símans og Vodafone
Instagram
Stöð 2 appið

N4 SJÓNVARP
Við leggjum kapp á að gera efnið okkar aðgengilegt fyrir alla.
Vilt þú auglýsa í N4 Sjónvarpi?
elva@n4.is 412 4402

Leiðandi á landsbyggðunum

# Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf

*Í kjarasamningum er kveðið á um hver lágmarkstekjutrygging sé fyrir tiltekin störf. Ákvæði kjarasamninga eru lágmarkskjör og samningar um lakari kjör eru ógildir og óskuldbindandi. Ekki er enn búið að semja við ríki og sveitarfélög og því gilda þar enn lágmarkslaun frá því 1. júní 2018.*

Vert er að vekja athygli félagsmanna á eftirfarandi punktum varðandi lágmarkstekjutrygginguna.




### Á almenna markaðinum

- Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir a viku), skulu vera sem hér segir fyrir þá starfsmenn sem eftir að 18 ára aldri er náð og hafa starfað a.m.k. sex mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir) Frá 1. apríl 2019 kr. 317.000 á mánuði hjá fyrirtækjum á almenna markaðnum.

### Hjá ríki og sveitarfélögum

- Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir a viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun. Frá 1. júní 2018 kr. 300.000 á mánuði hjá starfsmönnum sem starfa hjá ríkinu eða hjá sveitarfélögunum.

  Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Launauppbót vegna lágmarkstekjutryggingar skerðist ekki vegna samningsbundinnar launahækkunar vegna aukinnar menntunar sem samningsaðilar standa sameiginlega að.

  Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Með vísan í samning milli ASÍ og SA um réttindi hlutavinnustarfsmanna þá eiga þeir jafnframt rétt á lágmarkstekjutryggingu í samræmi við starfshlutfall.




# Nýr starfsmaður



*Arnór Sigmarsson hóf störf hjá félaginu þann 3. júní sl. Hann var ráðinn úr hópi 17 umsækjanda sem sóttu um stöðu lögfræðings hjá félaginu. Hann er með aðsetur á Akureyri og er með netfangið arnor@ein.is*

Arnór er með BA og ML gráðu í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri auk diplómagráðu á meistarastigi í heimskautarétti frá sama skóla. Hann hefur meðal annars starfað hjá Vinnumálastofnun á Norðurlandi eystra og á höfuðborgarsvæðinu, Ísafjarðabæ, Sýslumanninum á Akureyri og SÍMEY.

Eining-Iðja býður Arnór velkominn til starfa hjá félaginu.



## Takk fyrir samstarfið Hafdís

*Á sama tíma og Arnór byrjaði lét Hafdís E. Ásbjarnardóttir af störfum fyrir félagið, en hún hefur starfað sem lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá Einingu-Iðju síðan 1. apríl 2016. Af tilefninu var henni færð blóm og þakkað gott samstarf á undanförnum árum.*

# Orlofsuppbót 2019

## Fékkst þú ekki örugglega orlofsuppbótina?

***Full orlofsuppbót árið 2019 á almenna markaðinum er kr. 50.000. Í nýjum kjarasamningi við SA var samið um eingreiðslu sem koma átti sem sérstakt álag á orlofsuppbót árið 2019 að upphæð kr. 26.000. Þeir sem eru á almenna vinnumarkaðinum áttu því að fá greiðslu upp á kr. 76.000 í ár.***

Þar sem ekki er enn búið að semja við ríki og sveitarfélög um nýja kajarasamninga var full orlofsuppbót eins í fyrra, kr. 48.000. Þegar búið verður að semja þarf svo að greiða uppbót miðað við það sem samið verður um.

Orlofsuppbót ársins átti því að koma til greiðslu hjá þeim sem starfa á almenna vinnumarkaðinum og sveitarfélögunum í byrjun maí þetta árið, en venjan er að hún komi til greiðslu hjá þeim sem starfa á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu þann 1. júní, en 1. maí hjá starfsfólki sveitarfélaga.



### *Hverjir eiga rétt á orlofsuppbót?*

Þeir sem voru í fullu starfi á orlofsárinu 1. maí 2018 – 30. apríl 2019 áttu rétt á fullri uppbót, en annars greiðist hún í samræmi við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og reiknast orlof ekki ofan á orlofsuppbótina.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði: Fullt ársstarf telst vera 45 vikur eða meira fyrir utan orlof. Þeir sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl sl. eða í starfi fyrstu vikuna í maí áttu rétt á uppbót.

Starfsfólk ríkis og sveitarfélaga: Þeir sem höfðu starfað 13 vikur samfellt á orlofsárinu eða voru í starfi til 30. apríl áttu rétt á uppbót.

Á heimasíðu félagsins, ***www.ein.is,*** má finna töflur yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.







# AKUREYRI – DALVÍK - FJALLABYGGÐ – Opnunartímar í sumar

Á Akureyri verður hefðbundin opnun í allt sumar. – Á Dalvík verður lokað alla föstudaga í júlí og ágúst. Aðra daga verður hefðbundin opnun, fyrir utan dagana 6. til og með 17. ágúst því þá verður lokað. – Í Fjallabyggð verður lokað frá 29. júlí til og með 3. september.

*Minnum á símann okkar, 460 3600, sem er opinn alla daga milli kl. 8 og 16. Einnig er hægt að senda póst og fyrirspurnir á ein@ein.is*

# JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



init Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



# Ætlar þú að slá í gegn á grillinu?

Vertu þá viss um að borgararnir séu í sérflokki.
Þeim er pakkað í **umhverfisvænni umbúðir**, eru gerðir af ástríðu og fást **klassískir** með **mozzarella**, **chili-** eða **beikonfyllingu**. Valið er þitt.




NORÐLENSKA

ARNASYNIR





# Fjölbreytt starfsemi Orlofssjóðs

***Nú þegar orlofstímabilið er svo að segja í hámarki, er ekki úr vegi að rifja lítillega upp baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir rétti launafólks til orlofs. Stundum er því haldið fram að hægt gangi að ná fram réttindum, en þegar sagan er skoðuð sést oft á tíðum að mikið hefur áunnist. Á þessu ári eru 77 ár síðan allt launafólk á Íslandi öðlaðist rétt til orlofs samkvæmt lögum sem tóku gildi 1942. Áður hafði verkalýðshreyfingin samið við atvinnurekendur um orlof, segja má að lögin hafi verið staðfesting á þeim samningi.***

Samningurinn árið 1942 gerði ráð fyrir 12 daga sumarleyfi, auk þess sem atvinnurekendur samþykktu að greiða ákveðið hlutfall af launum í sérstaka orlofssjóði verkafólks. Þetta var mikill áfangasigur, 12 daga sumarleyfi.

Í dag – 77 árum síðar – er lágmarksorlof 24 virkir dagar og við bætast ýmis réttindi sem samið hefur verið um í gegnum tíðina. Þannig hafa framlög vinnuveitenda í orlofssjóði hækkað umtalsvert á þessu tímabili, sem gert hefur það að verkum að sjóðirnir eru nokkuð burðugir. Orlofsuppbót, sem er bónusgreiðsla, er greidd út í byrjun sumars. Þessi liður kjarasamninga hefur hækkað á undanförnum árum. Veikist launþegi í orlofi á viðkomandi rétt á uppbótarorlofi, samkvæmt sérstökum reglum, svo annað dæmi sé tekið. Með þessari upprifjun sést að verulega hefur áunnist í orlofsmálum verkafólks frá því fyrst var samið um orlof.

## Orlofshús

Fljótlega eftir að samið var um orlof fór verkalýðshreyfingin að huga að orlofsbyggðum og öðrum félagslegum framförum. Með orlofsbyggðunum gafst fólki kostur á að dvelja í bústað og njóta hvíldar í fallegu íslensku umhverfi. Ekki þótti nóg að eiga lögbundið frí á launum. Verkalýðshreyfingin hefur byggt upp víða um land orlofsbyggðir, þar sem félagsmönnum gefst tækifæri á að leigja sumarhús á á sanngjörnu verði.

Þannig á Eining-Iðja allmörg orlofshús á Illugastöðum í Fnjóskadal, sem notið hafa mikilla vinsælda. Þar voru fyrstu húsin reist á sjöunda áratugnum og hafa notið vinsælda frá byrjun. Stöðug uppbygging hefur verið í gangi í gegnum tíðina á Illugastöðum og öll húsin á svæðinu hafa verið endurnýjuð og eru vel búin. Með tilkomu hitaveitu gjörbreyttist nýtingin og eru þau nú leigð út allan ársins hring.

Félagið leigir út nokkur húsanna á Illugastöðum til annarra stéttarfélaga yfir sumarið í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og fallið í góðan jarðveg meðal félagsmanna.

Eining-Iðja á eða hefur á leigu orlofshús eða orlofsíbúðir á fimmtán stöðum á landinu fyrir félagsmenn sína, þessi fjöldi sýnir vel að orlofssjóðurinn hefur eflst ágætlega í tímanna rás. Í sumar er félagið aftur með í boði sumarhús á Spáni, þessi nýlunda hefur mælst vel fyrir meðal félagsmanna.

## Fleiri kostir í boði

Eins og lög gera ráð fyrir, henta orlofshús eða orlofsíbúðir ekki öllum. Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „Orlof að eigin vali" og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Á þessu ári mun félagið verja allt að 7,5 milljónum króna í þennan valkost. Styrkupphæð er 25.000 krónur, sem félagsmenn geta notað til að greiða fyrir leigu á orlofshúsi – ekki þeim sem eru í eigu félagsins – eða ferðavögnum, gistingu á hóteli, flugfari eða allt eftir óskum hvers og eins.

Á skrifstofum félagsins geta félagsmenn keypt niðurgreidda gistimiða á nokkur hótel og þar er jafnframt hægt að kaupa Útilegukortið og Veiðikortið.

Ferðanefnd Einingar-Iðju skipuleggur ferðir á hverju ári, bæði innanlands og utan. Á undanförnum árum hefur verið boðið upp á þrjár ferðir, innanlands og utanlands auk dagsferðar fyrir eldri félagsmenn. Þessar ferðir hafa notið vinsælda og verið vel sóttar.

Allar upplýsingar um þá fjölmörgu kosti sem standa félagsmönnum til boða eru kynntar á vef Einingar-Iðju, ***www.ein.is.***

Ég hvet alla félagsmenn til að kynna sér þessi mál, starfsfólk félagsins er ávallt reiðubúið til aðstoðar.

## Gleðilegt sumar

Tilgangur Orlofssjóðs Einingar-Iðju er að auðvelda fólki að njóta orlofsdvalar. Sjóðnum er ætlað að ná þessum markmiðum með því að kaupa eða leigja orlofshús eða íbúðir gegn hagkvæmu gjaldi félagsmanna. Sömuleiðis er sjóðnum ætlað að skipuleggja orlofsferðir, taka þátt í kostnaði þeirra og standa fyrir kynningar- og fræðslustarfi í sambandi við nýtingu orlofs.

Undirritaður er ekki í vafa um að starfsemi orlofssjóðs hefur eflt félagið til muna og aukið samheldni félagsmanna. Það er jafnan tilhlökkunarefni allra þegar sumarleyfistíminn nálgast, þá undirbýr fjölskyldan langþráð frí og markmiðið er að eiga saman góðar og notalegar stundir.

Fyrir hönd Einingar-Iðju sendi ég félagsmönnum bestu óskir um gott og ánægjulegt sumarfrí.

*Björn Snæbjörnsson formaður.*

# Trúnaðarmannanámskeið næsta vetur

*Vert er að benda trúnaðarmönnum á að búið er að raða niður trúnaðarmannanámskeiðum næsta vetur, bæði á haustönn og vorönn.*

Er nær dregur námskeiðum verða send bréf á þá trúnaðarmenn sem geta skrá sig á viðkomandi námskeið. Námskeiðin fara fram í sal Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.

| | **Haustönn** | **Vorönn** |
|---|---|---|
| **Hluti 1** | 18. til 20. september 2019 | 22. til 24. janúar 2020 |
| **Hluti 2** | 16. til 18. október 2019 | 26. til 28. febrúar 2020 |
| **Hluti 3** | 11. til 13. nóvember 2019 | 18. til 20. mars 2020 |
| **Hluti 4** | | 15. til 17. apríl 2020 |



Trúnaðarmenn Einingar-Iðju eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsögðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

**Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þá samband við skrifstofu Einingar-Iðju og við setjum upp vinnustaðafund til að kjósa trúnaðarmann.**

# Launaþróunar-trygging hjá ríki og sveitarfélögum

*Um miðjan apríl undirritaði Drífa Snædal, forseti ASÍ, samkomulag um launaþróunartryggingu til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Laun félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum hækkuðu því um 1,7 prósent að meðaltali vegna samkomulagsins og laun félaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu um 0,4 prósent að meðaltali. Þessi launaþróunartrygging er afturvirk og gildir frá 1. janúar sl.*

Samkomulagið er mikilvægur liður í að tryggja að launaþróun félagsmanna hjá ríki og sveitarfélögum dragist ekki aftur úr launaþróun á almennum markaði, en það er gert á grunni rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá október 2015.

Aðild að samkomulaginu eiga íslenska ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Alþýðusamband Íslands, BSRB og Samtök atvinnulífsins.





*Á myndinni, sem tekin var að stofnfundi loknum, má sjá stjórnarmenn í fyrstu stjórn Einingar-Iðju. Efsta röð f.v: Vilhjálmur Hróarsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Hilmir Helgason, Þorsteinn J. Haraldsson og Þorkell Ingimarsson. Miðröð f.v: Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Arndís Sigurpálsdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson. Neðsta röð f.v: Halldóra Höskuldsdóttir, Sigríður Bjarkadóttir, Sunna Árnadóttir, Björn Snæbjörnsson og Matthildur Sigurjónsdóttir.*

# 20 ár liðin frá sameiningu

***Þann 15. maí sl. voru liðin 20 ár síðan formlega var gengið frá samruna Verkalýðsfélagsins Einingar og Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri. Þótt þetta sameinaða félag eigi sér þannig séð ekki langa sögu stendur það á gömlum merg því félögin eiga sér hvort um sig langa og merka sögu í baráttu verkafólks fyrir réttindum sínum.***

Sögu Iðju má rekja allt aftur til ársins 1936 og er stofndagur félagsins talinn 29. mars það ár. Verkalýðsfélagið Eining varð til 10. febrúar 1963 með sameiningu Verkakvennafélagsins Einingar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar. Rætur Einingar ná þó mun lengra aftur og má segja að fyrsta fræinu hafi verið sáð árið 1894 þegar Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar, hið eldra, var stofnað.

Fjölmenni var á stofnfundinum þar sem nýr formaður sagði m.a. að hann hefði miklar væntingar til hins nýja afls í eyfirskri verkalýðsbaráttu sem nú væri orðin til. „Þessar breytingar sýna hversu dugleg verkalýðshreyfingin er að laga sig að breyttum tímum og þjóðfélagsaðstæðum. Eyfirskt verkafólk ríður eins og oft áður á vaðið í þessum efnum. Það er tilbúið að takast á við nýja tíma á nýrri öld þar sem verkalýðshreyfingin ætlar sér áfram að vera öflugt þjóðfélagsafl, aflvaki framfara og breytinga til batnaðar."

### Nýtt merki

Í kringum sameininguna þurfti m.a. að huga að nýju félagsmerki sem táknaði hið sameinaða félag. Efnt var til samkeppni um nýtt merki og þótti hugmynd sem Bjarki Sigurðsson sendi inn best. Hann sagði að hugmyndin að merkinu hefði hann sótt að nokkru leyti til merkja félaganna. „Í heildina vildi ég að merkið táknaði afl og framsækni, fólk í kröfugöngu, öflugt verkalýðsfélag sem sækir fram, eins og þau eiga að sjálfsögðu að gera."

Í fyrsta tölublaði Einingar-Iðjublaðsins, sem kom út 1999, var fjallað um sameininguna og voru nokkrir félagsmenn spurðir út í hvernig þeim litist á hana. Brot úr svörum þeirra má finna hér á eftir:

- *Það er engin spurning um það að við erum miklu sterkari saman sem ein heild en sitt í hvoru lagi. Fyrir utan aðra kosti eins og öflugri sjóði fyrir landsmenn.*
- *Ég fagna mjög þessari sameiningu og lít svo á að eitt sterkt félag hljóti að vera beittara vopn í kjarabaráttunni.*
- *Það kom okkur á óvart hversu jákvæðir eldri félagar voru fyrir þessum breytingum.*
- *Ég er mjög sáttur við hana og tel að eitt stórt félag sé svo sannarlega sterkara vopn.*
- *Ég er mjög ánægð með hana og tel þetta löngu tímabæra breytingu.*
- *Ég get ekki annað sagt en að ég sé mjög ánægður með þessa sameiningu og tel að þarna hafi menn stigið farsælt spor í sögu verkalýðsbaráttunnar á Norðurlandi.*
- *Ég sé ekkert annað en gott við að félögin skuli hafa stigið þetta skref.*
- *Ég er alveg hæstánægð með þetta og það er ekki spurning um að við verðum mun sterkari sem heild þegar kemur að næstu kjarasamningaviðræðum.*

# Gistimiðar á Keahótel

HÓTEL KEA
BY KEAHOTELS

*Á skrifstofum félagsins geta félagsmenn keypt gistimiða á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af félaginu. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.*

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistimiða. Morgunverður er innifalinn á öllum hótelum Keahótela.

Uppgefin verð er fyrir eina nótt og er fyrir herbergi með sturtu. Verðin innihalda 11% vsk, en gistináttagjald kr. 333 per herbergisnótt er ekki innifalið í gistiverði og legst ofan á hvert herbergi hverja nótt.

***Nánari upplýsingar má finna á www.keahotels.is***

**16. maí 2019 - 30. september 2019**

| | Pr.nótt |
|---|---|
| ***Hótel KEA Akureyri*** | |
| Eins manns herbergi með sturtu | Kr: 21.900.- |
| Tveggja manna herbergi með sturtu | Kr: 29.600.- |
| ***Hótel Norðurland Akureyri*** | |
| Eins manns herbergi með sturtu | Kr: 18.900.- |
| Tveggja manna herbergi með sturtu | Kr: 25.600.- |
| ***Storm hótel í Reykjavík*** | |
| Eins manns herbergi með sturtu | Kr: 25.300.- |
| Tveggja manna herbergi með sturtu | Kr: 28.500.- |
| ***Reykjavík Lights*** | |
| Eins manns herbergi með sturtu | Kr: 18.900.- |
| Tveggja manna herbergi með sturtu | Kr: 25.600.- |


HEFUR ÞÚ SKOÐAÐ HEIMASÍÐU FÉLAGSINS?

www.ein.is

LIFANDI VEFUR!



Tilgreind séreign eða samtrygging?

**Aðilar að kjarasamningi ASÍ og SA geta ráðstafað hluta af lífeyrisiðgjöldum sínum í tilgreinda séreign.**

- Tilgreind séreign er sérstök tegund séreignarsparnaðar sem eykur sveigjanleika við starfslok.
- Greiðslur í samtryggingu mynda rétt til ævilangra eftirlauna auk réttar til örorku-, maka- og barnalífeyris.

**Þitt er valið!**

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

Strandgötu 3, 600 Akureyri   Sími 460 4500   stapi@stapi.is   www.stapi.is





Góð skóhorn

úr pólýhúðuðu stáli

allt að 75 cm löng

Verð 5.500 - Fyrir KEA-korthafa 5.000

BLIKKRÁS EHF
Akureyri
Sími: 462 7770
Netfang: blikkras@blikkras.is

# Kjarasamningar á almenna markaðinum

*Nýir kjarasamningar Starfsgreinasambands Íslands við Samtök atvinnulífsins voru undirritaðir í byrjun apríl eftir langar og strangar samningaviðræður sem búið var að vísa til ríkissáttasemjara. Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, segir að aðgerðir sem ríkisstjórnin kom með að borðinu í Karphúsinu hafi verið lykillinn að því að hægt var að ljúka við samningana sem kallast Lífskjarasamningar. „Að mínu viti eru þetta nokkuð góðir og skynsamlegir samningar, þar sem sérstök áhersla var lögð á að bæta hag ungs fólks og tekjulágra, en lægstu laun hækka mest eða um 30% á samningstímanum. Sömuleiðis var samið um fastar krónutöluhækkanir, sem er hagstæðast fyrir tekjulága. Fleiri baráttumál verkalýðshreyfingarinnar mætti nefna, svo sem styttingu vinnuvikunnar, vaxtalækkun, aðgerðir í húsnæðismálum, lágtekjuþrep í skattkerfinu, lengingu fæðingarorlofs og aðgerðir til að afnema verðtryggingu.“*



### Félagsmenn Einingar-Iðju, hafið þökk fyrir!

Eining-Iðja boðaði til fimm almennra félagsfunda á öllu félagssvæðinu, þar sem farið var yfir öll atriði samninganna því alltaf er mikilvægt að félagsmenn kynni sér samningana eins vel og kostur er áður en þeir taka þátt í atkvæðagreiðslu um þá. Björn vill þakka öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum sem tóku þátt í undirbúningi og atkvæðagreiðslu um nýja kjarasamninginn. „Eins og ég hef áður sagt þá byggist árangur í svona vinnu á samstöðu, það gerist ekki með því að örfáir einstaklingar sjái um málið. Eining-Iðja hóf snemma undirbúning fyrir samningana, bæði með fjölmörgum fundum og stórri könnun á meðal félagsmanna. Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem þar komu að, en hátt í 2.000 félagsmenn tóku þátt í mótun kröfugerðar. Einnig vil ég þakka öllum þeim félagsmönnum sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni um samningana, í okkar félagi var hún með besta móti, eða um 23% á meðan meðaltalið var tæplega 13%. Við getum verið afskaplega stolt af þessari þátttöku og hún sýnir að öflugt trúnaðarmannakerfi og þessi góða tenging við grasrótina í félaginu skiptir öllu máli.

Ég neita því ekki að heilt yfir hefði ég viljað sjá betri þátttöku því samningurinn var vel kynntur fyrir fólki og það var einfalt að greiða atkvæði. Ég hef heyrt hjá félagsmönnum að þeir séu sáttir við samninginn en jafnframt hafa sumir bent á að þeir væru alveg komnir með nóg af þeirri gríðarlegu fjölmiðlaumfjöllum sem búin væri að vera í kringum samningana og getur það að hluta til skýrt þessa dræmu þátttöku, svona heilt yfir. Ég sjálfur fagna allri umræðu um þessi mál en auðvitað eru skoðanir misjafnar,“ sagði Björn.

### Helstu atriði lífskjarasamninganna

Á heimasíðu félagsins, *www.ein.is* má finna samningana í heild sinni ásamt ítarlegri umfjöllun um efni þeirra.

Helstu atriði hvað varðar launaliðinn eru árlegar hækkanir, 1. apríl 2019 og 2020 og 1. janúar 2021 og 2022, samtals kr. 90.000 á taxtalaun á tímabilinu miðað við fullt starf. Launahækkanir eru allar í krónum taldar og mun láglaunafólk hækka hlutfallslega meira í launum en þeir tekjuhærri. Hækkun launataxta á samningstímanum er alls 90 þúsund krónur en almenn hækkun er 68 þúsund krónur. Öll laun hækka jafnt fyrsta árið en á árunum 2020 til 2022 hækka launataxtar meira í krónum talið en laun sem eru umfram taxta.

### Lágmarkstekjutrygging

**2019** Öll laun hækka um *kr. 17.000* á mánuði frá og með 1. apríl.

**2020** Taxtar hækka um *kr. 24.000* á mánuði en almenn hækkun er *kr. 18.000* frá og með 1. apríl.

**2021** Taxtar hækka um *kr. 24.000* á mánuði en almenn hækkun er kr. *15.750* frá og með 1. janúar.

**2022** Taxtar hækka um kr. *25.000* á mánuði en almenn hækkun er kr. *17.250* frá og með 1. janúar.

Í samningunum er tenging við hagvaxtarstig í landinu og hækka laun aukalega ef landsframleiðsla á mann eykst umfram tiltekin mörk. Þessi launahækkun skilar sér að fullu til félagsmanna á taxtalaunum en 75% til þeirra sem






taka laun umfram taxta og kemur til greiðslu í maí á hverju ári þar sem Hagstofan birtir tölur um hagvöxt á mann í mars ár hvert.

Samkvæmt samningunum kemur launaþróunartrygging til áhrifa verði launahækkanir, í prósentum, á almenna markaðnum hærri en launahækkanir samkvæmt samningi. Launaþróunartrygging greiðist sem krónutöluhækkun og bætist ofan á kauptaxta.

**Forsendur kjarasamninganna** er að kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu skv. launavísitölu Hagstofu Íslands. Að vextir lækki verulega fram að endurskoðun samninganna í september 2020 og haldist lágir út samningstímann og að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit skv. yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna sem er einkum ætlað að styrkja stöðu ungs barnafólks og þeirra tekjulægri. Forsendur kjarasamninga verða metnar í september 2020 og í september 2021. Forsendunefndin verður skipuð þremur fulltrúum frá hvorum samningsaðila.

### *Meðal helstu atriða í innleggi ríkisstjórnarinnar eru:*

- Tekið verður á kennitöluflakki samkvæmt tillögum ASÍ og SA og heimildir til refsinga auknar. Keðjuábyrgð um opinber innkaup verður lögfest. Aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumannsals og nauðungarvinnu aukin.
- Nýtt lágtekjuþrep í þriggja þrepa skattkerfi. Ráðstöfunartekjur tekjulægsta hópsins aukast um kr. 10.000 á mánuði.
- Húsnæðismál: 2 milljarðar í viðbót í stofnframlög 2020-2022 ca. 1.800 íbúðir, unnið verður með aðilum vinnumarkaðarins að leiðum til að auðvelda ungu fólki fyrstu kaup og núverandi heimild til nýtingar á séreignasparnaði verður framlengd.
- Lífeyrismál: lögfest verður heimild til að ráðstafa 3,5% í tilgreinda séreign. Heimilt verður að ráðstafa tilgreindri séreign til húsnæðismála með tíma og fjárhæðartakmörkum. Farið verður í endurskoðun lífeyristökualdurs í samráði við aðila.
- Fæðingarorlof lengist úr 9 mánuðum í 10 í byrjun árs 2020 og lengist í 12 mánuði í byrjun árs 2021.
- Verðtryggð jafngreiðslulán til lengri tíma en 25 ára verða bönnuð frá 2020 nema með ákveðnum skilyrðum. Frá byrjun árs 2020 verður lágmarkstími verðtryggðra neytendalána lengdur úr 5 í 10 ár. Spornað verður við sjálfvirkum vísitöluhækkunum vöru, þjónustu og skammtímasamninga.

## *Vinnutímastytting*

Stytting vinnutíma er meðal þess sem tilgreint er í lífskjarasamningnum, en starfsfólk á hverjum vinnustað fyrir sig mun sjálft kjósa um það fyrirkomulag sem hentar á hverjum vinnustað en einnig verður hægt að hafa fyrirkomulagið óbreytt. Fjórar útfærslur að styttingu vinnuvikunnar er að finna í samningnum.

- Í fyrsta lagi geta starfsmenn og vinnuveitendur komist að samkomulagi um að hver vinnudagur verði styttur um 53 mínútur.
- Í öðru lagi getur samkomulag falið í sér að svigrúmið verði nýtt í lok vinnuviku þannig að starfsmenn ljúki störfum rétt fyrir hádegi á föstudögum. Það myndi þýða að hver föstudagur styttist um 212 mínútur.
- Þriðji kosturinn felst í því að starfsmenn séu í fríi annan hvern föstudag
- Fjórði kosturinn er um hvíldarhlé sem verði útfærð á hverjum vinnustað eftir þörfum og aðstæðum.
- Allir þessir valmöguleikar ganga út frá því að hádegishlé haldist óbreytt en kaffitímar verði aflagðir. Verður virkur vinnutími að jafnaði um 36 stundir á viku.


# VIÐ PRENTUM VINNUSTAÐASKÍRTEINI






**Prentum vinnustaðaskírteini á plastkort.**
**Eigum einnig plastvasa, hálsbönd, ólar o.fl. fyrir kortin.**
**Við gerum þér tilboð!**

Einfaldast er að senda excel-skjal með upplýsingum sem koma eiga fram á kortunum.

| Glerárgötu 28 | 600 Akureyri | 460 0700 | asprent@asprent.is | ásprent |
|---|---|---|---|---|

# Samningur við sveitarfélögin

## – Kjaradeilan er hjá Ríkissáttasemjara

*Starfsgreinasamband Íslands og Efling vísuðu kjaradeilu við Samband íslenskra sveitarfélaga til Ríkissáttasemjara í lok maí. Viðræður um nýjan kjarasamning höfðu staðið yfir í nokkrar vikur og var búið að halda fimm formlega fundi þegar deilunni var vísað. Nú er búið að halda tvo fundi hjá ríkissáttasemjara og boða þann þriðja sem verður ekki fyrr en 21. ágúst nk. þar sem frí verður tekið hjá ríkissáttasemjara í júlí.*




Á seinni fundinum sem fram fór 19. júlí sl. lögðu samninganefndir SGS og Eflingar og Sambands íslenskra sveitarfélaga fram greinargerðir sínar í kjaradeilunni. Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS, segir að fulltrúar stéttarfélaganna hafi lagt fram sín rök og farið yfir þau á fundinum og að samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi gert svipað. Lítið annað hefði verið gert á fundinum. „Ef að deilum er vísað til sáttasemjara ber mönnum, á fyrsta eða öðrum fundi, að gera grein fyrir kröfugerð sinni og mati á stöðu viðræðnanna og það var í raun og veru það sem fram fór á fundinum," segir Flosi.

### Stál í stál

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins og SGS, segir að fulltrúar sveitarfélaganna neiti að ræða um jöfnun lífeyrisréttinda fyrir starfsfólk sveitarfélaga innan aðildarfélaga ASÍ þrátt fyrir fyrri fyrirheit í tengslum við kjarasamninga árið 2015 og í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins þar sem tekin voru frá 1,5 prósent til að jafna lífeyrisréttindi hjá stéttarfélögunum. „Ríkið og Reykjavíkurborg hafi þegar gert þetta hjá sér en hin sveitarfélögin hafna því. Við teljum að samið hafi verið um þetta í síðustu kjarasamningum og höfum sagt að við viljum að sveitarfélögin komi og ræði þetta við okkur. Þau hafa sagst ekki ætla að ræða þetta við okkur þannig að það er bara stál í stál. Við teljum að þetta sé skýlaus réttur okkar að sækja þetta og við munum sækja þetta hvort sem það verður með góðu eða illu. Slagurinn mun bara halda áfram í haust þar sem næsti fundur hjá ríkissáttasemjara verður ekki fyrr en 21. ágúst."

### Lífeyrisréttindin jöfnuð

Hagfræðingur ASÍ, Henný Hinz, hefur sagt að aðdragandinn að þessu máli væri æði langur og snúist um jöfnun lífeyrisréttinda á vinnumarkaði. 2016 voru réttindin jöfnuð á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Samkomulag sem BSRB og ASÍ gerðu við SA, sveitarfélög og ríkið ári áður kveður á um að jöfnun lífeyrisréttinda er ein af meginforsendum samkomulagsins. Samkomulagið sem gert var 2016 náði til opinberra starfsmanna, bæði ríkis og sveitarfélaga. Einn hópur opinberra starfsmanna var þó ekki með en það var starfsfólk ríkis og sveitarfélaga sem eru félagar í félögum innan vébanda ASÍ. Þeir höfðu greitt og greiða enn í lífeyrissjóði á almenna markaðinum en iðgjöld þeirra voru þó þau sömu og annarra opinberra starfsmanna. Jöfnun lífeyrisréttinda fól í sér að lífeyrisaldur opinberra starfsmanna hækkaði og ávinningur réttinda var ekki lengur jafn heldur aldurstengdur. Kannski flókið, en þó að kerfinu hafi verið breytt halda opinberir starfsmenn sem voru í starfi við gildistöku breytinganna öllum sömu réttindum til æviloka. Það sama gildir ekki um þá 10 til 12 þúsund félaga Starfsgreinasambandsins sem líka eru opinberir starfsmenn.

„Í aðdraganda breytinga á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var alveg ljóst að það þyrfti, þegar lífeyrisréttindi yrðu jöfnuð og gerðar yrðu þessar miklu breytingar, að taka sérstakt tillit til stöðu þessa hóps sem eru félagsmenn í stéttarfélögum innan ASÍ en eru í reynd opinberir starfsmenn," sagði Henný Hinz.

Til að tryggja opinberum félögum til dæmis í BSRB og BHM sömu lífeyrisréttindi til æviloka voru stofnaðir lífeyrisaukasjóðir upp á 150 milljarða króna sem ríki og sveitarfélög standa undir. Þeim voru tryggð jafn verðmæt réttindi og áður með stofnun þessara lífeyrisaukasjóða. Sjóðirnir ná ekki til opinberra starfsmanna sem eru félagsmenn stéttarfélaga á almenna markaðinum. Í rammasamkomulaginu frá 2016 var gert ráð fyrir að fjármagni yrði varið í að jafna kjörin. Árið 2017 sömdu félögin á almenna vinnumarkaðinum við ríki og Reykjavíkurborg um sérstakan lífeyrisauka sem í raun átti að gegna sama hlutverki og lífeyrisaukasjóðirnir. Ekki sjóður heldur iðgjaldaprósentutala sem þá var 5,85%. „Þannig að þeir fá þá í staðinn fyrir lífeyrisaukasjóðina sérstakt viðbótarframlag til að tryggja jafnverðmæt réttindi. Starfsmenn sveitarfélaganna hins vegar eru eini hópurinn á vinnumarkaði núna sem ekki hefur verið samið við um þessa jöfnun. Þannig að þeir standa einir eftir," sagði Henný Hinz.

### Farið fram á innágreiðslu frá sveitarfélögunum

2. júlí sl. fóru Björn formaður félagsins og Ásgrímur upplýsingafulltrúi og afhentu persónulega öllum sveitarstjórum eða staðgenglum þeirra á félagssvæðinu bréf til að koma á framfæri þeirri stöðu sem nú ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu. Einnig fór félagið fram á það að sveitarfélögin greiði starfsfólki sínu sem starfa eftir samningi SGS slíka innágreiðslu þann 1. ágúst að upphæð kr. 105.000 m.v. 100% starf þann 1. júní sl. og hlutfallslega fyrir lægra starfshlutfall.

Björn segir að fram hafi farið ágætis spjall um stöðuna við þau sem tóku á móti bréfinu. Nú verði beðið eftir viðbrögðum sveitarfélaganna og að þau svör verði sett inn á heimasíðu félagsins um leið og þau berast, en ekkert svar hafði borist þegar blaðið fór í prentun.

Vert er að minnast á að skrifstofa Hörgársveitar var lokuð vegna sumarleyfa og því fengu þeir bréfið í tölvupósti en búið var að móttaka það og því fengu öll sveitarfélögin á svæðinu bréfið þann 2. júlí sl.

Akureyri 2. júlí 2019

**Efni: Staðan í kjaramálum félagsmanna Einingar-Iðju sem vinna hjá Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum.**

Eining-Iðja vill koma á framfæri þeirri stöðu sem nú ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu.

Viðræður hafa staðið yfir við Samband íslenskra sveitarfélaga frá því í febrúar sl. og er búið að halda nokkra fundi. Mikið ber á milli og vísaði SGS deilunni til sáttasemjara þann 28. maí 2019. Síðan þá er búið að halda tvo fundi, ekkert gengið og deilan í hörðum hnút og þá sérstaklega varðandi lífeyrismál. Næsti fundur hjá Ríkissáttasemjara verður ekki fyrr en 21. ágúst nk.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur að undanförnu samið við önnur sambönd og félög um frestun viðræðna og friðarskyldu til 15. september nk. Samið hefur verið um innágreiðslu upp á kr. 105.000 fyrir 100% vinnu. Ríkissáttasemjari hafði milligöngu fyrir SGS hvort slíkt standi okkar félagsmönnum til boða en formaður samninganefndar sveitarfélaganna sagði nei þar sem búið væri að vísa deilunni til Sáttasemjara.

Miðað við þetta er ljóst að okkar félagsmenn verða þeir einu af starfsmönnum sveitarfélaganna sem ekki fá slíka greiðslu. Það er von félagsins að forráðamenn sveitarfélaga sjái hag í því að hafa starfsmenn sína ánægða en mismunun sem þessi mun ekkert gera nema að efla barráttuandann í þeirri kjarabaráttu sem framundan er.

Því fer Eining-Iðja fram á það að sveitarfélögin greiði starfsfólki sínu sem starfa eftir samningi SGS slíka innágreiðslu þann 1. ágúst að upphæð kr. 105.000 m.v. 100% starf þann 1. júní sl. og hlutfallslega fyrir lægra starfshlutfall.

Um 40% þeirra sem Starfsgreinasamband Íslands semur fyrir er hér á Eyjafjarðarsvæðinu.

Bréf þetta fer á öll sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu.

Með von um jákvæð viðbrögð.

*F.h. Einingar-Iðju,*
*Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju*

# Samningur við ríkið

## Endurskoðun viðræðuáætlunar og eingreiðsla

***Samninganefnd SGS og Samninganefnd ríkisins hafa komist að samkomulagi um að endurskoða viðræðuáætlun milli aðila og stefna að því að ljúka kjarasamningi fyrir 15. september nk. Meginástæðan fyrir þessari framlengingu er sú að á vettvangi heildarsamtaka launafólks er nú verið að ræða launaþróunartryggingu, breytt fyrirkomulag vinnutíma og fleiri veigamikil atriði. Þessi vinna hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og því er þessi endurskoðun nauðsynleg.***

### *105.000 kr. eingreiðsla*

Jafnframt hefur náðst samkomulag um að vegna þess hve langt er síðan gildistími síðustu samninga rann sitt skeið þá verði greidd eingreiðsla að upphæð 105 þúsund kr. fyrir fullt starf 1. ágúst 2019. Sú greiðsla er hluti af fyrirhuguðum launabreytingum þegar þar að kemur.

Um miðjan febrúar sl. gekk samninganefnd SGS frá kröfum sínum við ríkið en samningurinn rann út 31. mars sl. Viðræður hófust fljótlega eftir að samningar náðust á almenna vinnumarkaðinum, en eins og áður segir er nú stefnt á að nýr kjarasamningur verði tilbúinn eigi síðar en 15. september nk.

Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast vel með heimasíðu félagsins því þar verða settar inn fréttir af viðræðunum þegar þær fara aftur í gang.

FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR

ORMSSON
Furuvellir 5 · 600 Akureyri · 461 5000





# Bjarg íbúðafélag – framkvæmdir hafnar á Akureyri

***Í lok maí hófust framkvæmdir við Gudmannshaga 2 á Akureyri þar sem fyrirtækið Lækjarsel ehf. mun byggja hús fyrir Bjarg íbúðafélag. Byggingin er fjöleignarhús og er að litlum hluta tveggja hæða með stigahúsi en aðallega þriggja hæða með lyftu og stigahúsi. Í húsinu verða 31 íbúð, þar af fjórar í 2ja hæða kálfi sem verða afhentar til Bjargs í ágúst 2020 síðan verða 27 íbúðir afhentar í nóvember 2020. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja og eru í minni kantinum. Arkitektar hjá Tendra Arkitektum teiknuðu húsið en verkfræðingarnir eru frá AVH á Akureyri. Raftákn sá um rafhönnun hússins og um lóðarhönnun sá teiknistofan Storð efh.***

### Bara fyrsti hluti stærra verkefnis

Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, sagði við þetta tækifæri að hann væri mjög ánægður með að framkvæmdir væru hafnar á Akureyri og að Bjarg hlakki til samstarfs við heimamenn í uppbyggingunni. Fyrir ári síðan var undirrituð viljayfirlýsing ásamt Akureyrarbæ um byggingu 75 íbúða. Síðan þá hafi undirbúningur og hönnun hússins staðið yfir. Þetta sé fyrsti hluti verkefnisins en ekki hafi verið ákveðið hvar næstu hús rísi.

Björn sagði mikla þörf fyrir hagkvæmar leiguíbúðir á Akureyri fyrir þennan hóp sem þau starfi fyrir, þ.e. tekjulægra fólk og fjölskyldur. Nú þegar hafa þau orðið vör við viðbrögð frá Akureyringum því þó nokkrar skráningar eru komnar hjá þeim og mælir Björn með því að fólk skrái sig sem fyrst en til þess að fá íbúð leigða hjá Bjargi þarf að skrá sig á heimsíðuna hjá þeim og fá úthlutað númeri.

Opnað verður fyrir umsóknir þegar nær dregur afhendingu, en þegar komi að því að sækja um íbúð sé miðað við þá úthlutun númera. Heimasíða Bjargs íbúðafélag er *www.bjargibudafelag.is*.

### Félagið rekið án hagnaðarmarkmiða

Bjarg íbúðafélag er húsnæðissjálfseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger." Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma. Björn sagði Bjarg reisa húsið með stofnframlögum frá Íbúðalánasjóði og Akureyrarbæ. „Þannig leggi Akureyrarbær til 12% af stofnkostnaði fasteignarinnar sem Bjarg endurgreiði svo eftir 50 ár þegar stofnkostnaður hafi verið greiddur upp."

### Góðar upplýsingar á heimasíðunni

Á heimasíðu Bjargs má finna ýmsar upplýsingar um félagið, m.a. hvernig á að sækja um íbúð og eins má finna þar fjölda svara við ýmsum spurningum sem geta komið upp ef þú ert að hugsa um að sækja um íbúð hjá Bjargi. Sem dæmi um spurningar og svör má t.d. nefna:

### Hvaða skilyrði þarf ég að uppfylla til að gera fengið úthlutun?

*Þú þarft að vera orðinn 18 ára, skráður og virkur á biðlista hjá Bjargi og með skráða umsókn. Þú þarft að hafa verið félagsmaður aðildarfélaga ASÍ eða BSRB í a.m.k. 21 mánuð, sl. 24 mánuði miðað við úthlutun og vera virkur á vinnumarkaði. Þú þarft að vera undir ákveðnum tekju- og eignamörkum við upphaf leigu og greiðslubyrði leigu skal að jafnaði ekki fara umfram 25%-30% af heildartekjum að teknu tilliti til húsnæðisbóta.*

### Hvað gerist ef tekjur mínar hækka og fara yfir mörkin, missi ég þá íbúðina?

*Bjarg stendur fyrir húsnæðisöryggi, svo engum er sagt upp leigu þrátt fyrir að tekjur hækki. Hins vegar tala lögin um að heimilt sé að hækka leigugjaldið hafi tekjur og eignir verið yfir skilgreindum tekju- og eignamörkum síðastliðin þrjú almanaksár og bætist þá álag á leigugjaldið. Miðað er við að greiðslubyrði leigu fari ekki yfir 25% til 30% af heildartekjum leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta.*

### Hvað er í íbúðinni þegar ég flyt inn?

*Húsnæðið er í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi. Ofn og eldavélahellur (keramik) fylgja og einnig er háfur. Önnur tæki þarft þú sjálf(ur) að útvega. Þ.e. þú þarft sjálf(ur) að koma með þinn ísskáp, uppþvottavél, þvottavél og annað sem þú kýst að hafa. Þurrkari þarf að vera barkalaus. Í eldhúsinnréttingu er gert ráð fyrir standard 60 cm., uppþvottavél og standard 60 cm. breiðum ísskáp. Fataskápur er í hjónaherbergi og í íbúðinni eru geymsluskápar. Bæði verður ljósnet og ljósleiðari í boði.*

# Eining-Iðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning

| | | |
|---|---|---|
| Landsmennt<br>www.landsmennt.is | Sveitamennt<br>www.sveitamennt.is | Ríkismennt<br>þróunar- og símenntunarsjóður<br>www.rikismennt.is |
| form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR<br>KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099 | sæplast | EYJAFJARÐARSVEIT |
| STEINULL | nettó | Bústólpi<br>HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI |
| PRENTÞJÓNUSTA TUNNAN<br>S. 467-1288<br>www.tunnan.is<br>tunnan@tunnan.is<br>PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN | EFLA<br>VERKFRÆÐISTOFA | Verkval ehf. |
| Deloitte. | HVAMMUR<br>EIGNAMIÐLUN<br>Pakkhúsið · Hafnarstræti 19 · Opið alla virka daga kl.9-17<br>Sími 466 1600 · www.kaupa.is | BRYGGJAN<br>ELDBAKAÐAR PIZZUR<br>STRIKIÐ<br>RESTAURANT & BAR |
| Hreint<br>RÆSTING | BÓKHALDSÞJÓNUSTAN HRINGUR | BÍLALEIGA AKUREYRAR<br>Höldur<br>Europcar<br>Þínar þarfir - okkar þjónusta |
| ICE FRESH SEAFOOD<br>SAMHERJI HF | ASÍ<br>Alþýðusamband Íslands | SBA-NORÐURLEIÐ |
| AKUREYRARSTOFA | hnýfill<br>FISKVINNSLA • REYKHÚS | FLUGKAFFI |

# Aðalfundur Einingar-Iðju

*Fjölmennur aðalfundur Einingar-Iðju var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri fimmtudaginn 21. mars sl. Á fundinum var m.a. farið yfir ársreikninga félagsins, kosið um lagabreytingar og breytingar á reglugerðum sjóða og deilda og kosnir 31 fulltrúi Einingar-Iðju á ársfund Stapa. Þegar Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar sagði hann m.a. að undirbúningur kjarasamninga reyni verulega á félagsstarfið og sýni líka hvað tengslin eru raunverulega góð. „Það vantar stundum í umræðuna að félagið er fólkið sem í því er, en ekki starfsmenn á skrifstofu eða stjórn félagsins. Styrkur félagsins liggur í þessari staðreynd og góðum tengslum milli stjórnarinnar og félagsmannanna."*

Björn sagði jafnframt að árið 2018 hefði verið undirbúningsár fyrir kjarasamningana sem verið væri að vinna að þessa dagana. „Það er frábært að vinna með öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við undirbúning og aðkomu að kröfunum, svo sem í trúnaðarráðinu, samninganefndinni og ekki síst öllum trúnaðarmönnunum sem leggja sig í líma við að koma boðskap félagsins til starfsfélaga sinna og ekki síður að upplýsa okkur á skrifstofunni um stöðu mála á hverjum stað fyrir sig. Á vinnustöðunum eru um það bil 140 trúnaðarmenn. Þar eru auðvitað mismunandi aðstæður, sem kalla á meiri vinnu hjá sumum en öðrum, en allir trúnaðarmennirnir skila frábæru starfi. Það voru einmitt trúnaðarmenn sem voru lykillinn að því hvað vel tókst til við gerð könnunar um hverjar yrðu aðaláherslurnar í komandi samningum og þeirra þáttur stærstur að koma á fundi og fylgja eftir því sem vinnufélagarnir vildu. Það er frábært að fá rúmlega 2.000 manns til að koma að þessari vinnu. Allur þessi fjöldi gefur forystunni aukinn kraft til að fylgja kröfunum eftir af meiri ákveðni en ella."

### Innheimtar kröfur að lágmarki 77 milljónir

Björn sagði einnig að starfið á síðast ári hefði að mörgu leyti gengið vel. „Það hafa aldrei eins margir leitað til félagsins með sín vandamál, ég held jafnvel að vandamálin séu erfiðari og stærri en við höfum séð áður. Það eru ekki eingöngu útlendingar sem koma þó að þeir séu margir, Íslendingar koma líka með sín vandamál. Við tókum saman um daginn að á árinu 2018 hefði félagið náð að innheimta kröfur fyrir félagsmenn upp á 77 milljónir króna og þá er ekki einu sinni allt tekið með. Það er að koma í ljós að full þörf er á að hafa löglærða starfsmenn á skrifstofunni. Samstarfið við Ásgeir Örn hjá Pacta hefur verið mjög gott. Samvinna skrifstofunnar og lögfræðistofunnar vekja ákveðna virðingu hjá þeim sem við erum að kljást við.

### 24% aukning á greiðslum til félagsmanna

Björn sagði að hin ýmsu verkefni sem upp koma séu endalaus og að það sé mjög krefjandi fyrir starfsmenn félagsins að leysa úr þeim, „en að mínu viti höfum við staðið okkur vel og það er líka frábært að fá svörin úr skoðanakönnun frá Gallup að 96% félagsmanna séu frekar ánægð með þjón-

## Þrjú sæmd gullmerki

*Á aðalfundi félagsins voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins. Þetta voru þau Elísabet Skarphéðinsdóttir, Sigríður Jóna Gísladóttir og Þorsteinn Þormóðsson. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, sagði við það tilefni að þau sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þau hafa innt af hendi," sagði Björn.*

Hér til hliðar má sjá hvað Björn hafði um þau að segja áður en hann sæmdi þau gullmerkinu.




*Á myndinni má sjá gullmerkjahafana ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.:Björn Snæbjörnsson, Sigríðru Jóna, Elísabet, Þorsteinn og Anna Júlíusdóttir.*

**Elísabet Skarphéðinsdóttir**

Hefur verið í stjórn Opinberudeildarinnar um langt skeið, nú síðast sem varaformaður og setið sem slíkur í aðalstjórn félagsins. Ásamt því að vera í trúnaðarráði hefur hún setið í samninganefnd félagsins og verið trúnaðarmaður á vinnustaðnum sínum. Hún hefur verið mjög virkur félagsmaður og tekið þátt í ýmiskonar fundum sem fulltrúi okkar og setið stjórnum og ráðum innan félagsins. Elísabet hefur verið mjög ötull talsmaður sinna vinnufélaga og verið ófeimin að segja sína meiningu.

**Sigríður Jóna Gísladóttir**

Hefur um langt skeið verið trúnaðarmaður á vinnustaðnum sínum, og setið í samninganefnd félagsins ásamt því að vera í trúnaðarráði. Hún hefur verið mjög virkur félagsmaður og tekið þátt í allskonar fundum sem fulltrúi okkar og setið ýmsum stjórnum og ráðum innan félagsins. Sigríður Jóna hefur verið öflugur talsmaður félaga sinna og félagsins í heild.

**Þorsteinn Þormóðsson**

Er varasvæðisfulltrúi Grýtubakkahrepps og hefur verið trúnaðarmaður um nokkurt skeið. Hann á sæti í samninganefnd og trúnaðarráðinu ásamt því að vera í nefndum og ráðum innan okkar raða. Þorsteinn hefur byggt upp mjög jákvætt samband við þá sem vinna á Grenivík og eru af erlendu bergi brotnir. Starf hans er til fyrirmyndar og hefur þess verið sérstaklega getið í skýrslu sem gerð var af Starfsgreinasambandi Íslands um líðan erlends fólks á íslenskum vinnumarkaði.

Hafið mikla þökk fyrir ykkar góðu störf. Ég bið alla að standa á fætur og klappa fyrir þessu frábæra fólki.



ustuna. Það er ánægjulegt að greiðslur til félagsmanna jukust um rúm 24% á milli ára og það skýrir lélegri afkomu félagsins.

Á þessu starfsári varð sprenging í greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóði, aukningin var 40% m.v. árið 2017. Heildarupphæð greiðslna úr sjúkrasjóðnum voru rúmar 163,2 milljónir en árið áður voru það um það bil 130,5 milljónir eða nærri 33 milljónir. Aðalástæðan fyrir þessari hækkun er mikil fjölgun þeirra sem berjast við geðræn vandamál og eru ungu félagsmennirnir okkar þar fjölmennastir. Heilbrigðiskerfið er ekki nógu sterkt til að hjálpa þessum einstaklingum.

Á árinu greiddu alls 874 atvinnurekendur iðgjöld af 9.534 launþegum til félagsins, en árið áður voru fyrirtækin 842 og fjöldinn 9.340. Þetta er því fjölgun um 32 fyrirtæki og 194 launþega frá árinu 2017. Rekstur félagsins gekk nokkuð vel á síðasta ári fyrir utan sjúkrasjóðinn en það varð rekstrartap upp á rúmlega 6 milljónir króna en árið áður var tæplega 32 miljóna afgangur. Mismunurinn er nær eingöngu auknar greiðslur úr sjúkrasjóðnum. Allur rekstur var á pari m.v. árið á undan."

### *Sjálfboðavinna*

„Mig langar til að koma aðeins inn á atriði sem ég veit að er á verulegu hættusvæði, það er að segja sjálfboðavinna hinna ýmsu hópa í samfélaginu, hvort sem við erum að tala um íþróttafélög, kvenfélög eða önnur félög sem eru að safna peningum til styrktar góðum málefnum eða að kosta starf einstakra hópa. Er það boðlegt að á stórum árshátíðum sé

## ... Punktar frá aðalfundi ...

**Félagsgjald** er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

**4.749 félagsmenn** fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 1.000 fengu starfsmenntastyrki, 2.234 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.323 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 197 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

**Aðalfélagar** á síðasta ári voru 8.246

**Helstu styrkir úr félagssjóði.** Á síðasta starfsári fengu Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sameiginlegan styrk að upphæð kr. 900.000 vegna jólaaðstoðar og Iðnaðarsafnið á Akureyri fékk kr. 200.000.

**Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2018**. Alls fengu 230 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 132.296.793 og 2.004 manns fengu styrki að upphæð kr. 31.217.830. Samtals fengu því 2.234 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 163.514.623 sem er aukning um rúmlega 31 milljón króna.

**Fjölmörg námskeið.** Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög og var mjög góð þátttaka á þeim. Í lok apríl hélt félagið námskeið, í samvinnu við SÍMEY, fyrir félagsmenn sem eru að nálgast eftirlaunaaldur með það að markmiði að fræða viðkomandi um rétt sinn og að leiðbeina við starfslok. Frítt var á námskeiðið fyrir félagsmenn sem stóð yfir í tvo daga, en tæplega 60 mættu á það. Mjög góð mæting var á námskeið sem félagið hélt á Grenivík í október fyrir erlenda félagsmenn þar sem m.a. var farið yfir hvað eigi að koma fram á launaseðlinum og hvernig eigi að lesa út úr honum. Námskeiðið var túlkað yfir á pólsku. Í október og nóvember tóku 17 félagsmenn þátt í dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Lögregluna á Norðurlandi eystra. Í febrúar bauð Opinbera deildin upp á námskeið í núvitund og markþjálfun fyrir félagsmenn. Góð mæting var á námskeiðið, sem var ókeypis. Félagsmönnum var boðið upp á fleiri námskeið en vegna ónógrar þátttöku þurfti að fella þau niður.



**Starfsmenntasjóðir.** Alls fengu 1.000 einstaklingar, 592 konur og 408 karlar, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2018. Þetta er fjölgun um 119 styrki frá árinu áður. Upphæðin sem þau fengu var um 11,3 milljónum krónum hærri en árið áður, eða kr. 44.104.670.

**Orlofshús.** Á árinu 2018 voru átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins, þar með taldar tvær sjúkraíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Einingiðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús, þar á meðal eitt á Spáni. Nýtingin var mjög góð. Einnig úthlutaði félagið 300 orlofsstyrkjum sem kallast "Orlof að eigin vali." Hver styrkur var að hámarki kr. 24.000.



**Orlofsferðir.** Félagið bauð að venju upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn. Ekki var næg aðsókn í fjallaferðina og þurfti því að fella hana niður. 52 félagsmenn og makar fóru í mjög góða ferð til til Austurríkis og um 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn.



**Ársfundur Stapa.** Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Menningarhúsinu á Akureyri. Félagið átti rétt á 41 fulltrúa í ár.



Margrét og Hrefna að loknum aðalfundi félagsins.

# Nýr ritari í stjórn félagsins

Á aðalfundinum varð ein breyting á stjórn félagsins. Hrefna Björg W. Björnsdóttir tók við sem ritari félagsins af Margréti H. Marvinsdóttur sem staðið hefur vaktina sem ritari félagsins undanfarin ár.

Eftir að kjöri stjórnar var lýst kvaddi Margrét H. Marvinsdóttir sér hljóðs til að þakka fyrir árin 30 sem hún hefur starfað fyrir félagið. Hún sagði að starfið allan þennan tíma hefði bæði verið gefandi og gott. Margrét byrjaði að sinna verkalýðsmálum hjá Iðju félagi verksmiðjufólks og var ritari í stjórn Iðju. Hún var lengi trúnaðarmaður hjá Norðurmjólk og hélt því áfram í góðan tíma hjá MS Akureyri. Hún var lengi í stjórn Matvæla- og þjónustudeildarinnar, síðast sem formaður deildarinnar en hún lét af því starfi í febrúar 2017. Einnig hefur hún verið í Trúnaðarráði og samninganefndum félagsins í áraraðir og í mörgum öðrum ráðum og nefndum innan félagsins.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, sagði m.a. þegar hann flutti skýrslu stjórnar á aðalfundinum að þar sem ekki bárust tillögur eða listar annar en frá trúnaðarráði teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörnir. „Ég mun verða áfram formaður næstu tvö árin. Margrét H. Marvinsdóttir mun láta af störfum sem ritari félagsins og í hennar stað kemur Hrefna Björg W. Björnsdóttir. Tveir aðrir stjórnarmenn hafa hætt störfum, það eru Stefán Aðalsteinsson sem var varaformaður matvæla- og þjónustudeildar en hann skipti um starf og færði sig yfir í annað félag. Í hans stað kom Sólveig Auður Þorsteinsdóttir. Elísabet Skarphéðinsdóttir varaformaður opinberudeildarinnar hætti á vinnumarkaði og í hennar stað kom Guðbjörg Helga Andrésdóttir.

Því fólki sem er að hætta í stjórn; Margréti H. Marvinsdóttur, Stefáni Aðalsteinssyni og Elísabetu Skarphéðinsdóttur þakka ég fyrir góð og óeigingjörn störf fyrir félagið, ég þakka líka öllum þeim sem eru að hætta í trúnaðarráði og hinum ýmsu nefndum hjá félaginu fyrir frábær störf. Einnig býð ég nýtt fólk velkomið til starfa. Það er ekki erfitt að koma og taka þátt í okkar félagsstarfi það er nefnilega þannig að menn sem hafa áhuga eru gripnir til starfa sem trúnaðarmenn eða settir í ráð og nefndir. Það hefur alltaf gengið vel að fá fólkið okkar til að vinna fyrir félagið."

helmingur af þeim sem eru að vinna íþróttafólk sem er að safna fyrir ýmislegu til að þau geti haldið sinni iðkun áfram? Hvar er fólkið sem er að vinna við þetta að staðaldri, hefði það ekki getað fengið vinnuna? Hvar eru skattarnir af sjálfboðaliðavinnunni? Er eðlilegt að sjálfboðaliðar geri hreinar íbúðir áður en fólk flytur inn? Er eðlilegt að veitingahús sendi til foreldrafélaga beiðni um að fá fólk í vinnu eitt kvöld og peningurinn sem eru langt undir samningum fari inn á reikning viðkomandi barns?

Það er viðkvæmt að tala um þetta, við erum að berjast við að fá atvinnurekendur til að fara eftir samningum en þetta þykir sjálfsagt og ekkert að því. Fólk sem er að vinna svona vinnu þarf að framfleyta sér en fær ekki vinnuna þar sem aðrir sem eru ódýrari fá þetta í svokallaðri sjálfboðaliðavinnu fyrir gott málefni. Viljum við hafa þetta svona er það í lagi að undirbjóða launþega þegar um félagslegan sjálfboðaliða er að ræða?" sagði Björn m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar.

## Ályktun frá aðalfundi

*„Aðalfundur Einingar-Iðju, haldinn í Hofi 21. mars 2019 lýsir yfir fullum stuðningi við boðuð verkföll félaga okkar í Eflingu og VR. Um leið hvetjum við félagsmenn okkar til þess að ganga alls ekki í störf félagsmanna þessara félaga. Það er áríðandi að við styðjum baráttu félaga okkar fyrir bættum kjörum.*

*Það er grundvallarréttur vinnandi fólks að bindast samtökum og leggja niður vinnu til að knýja á um bætt kjör. Sá réttur er óvéfengdur og allar tilraunir til að grafa undan honum með verkfallsbrotum er alvarleg árás á mannréttindi vinnandi fólks."*

## Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum sjóða og deilda

Hafdís E. Ásbjarnardóttir, fyrrum lögfræðingur og þjónustufulltrúi félagsins, fór yfir tillögur að breytingum á lögum félagsins og reglugerðum sjóða og deilda. Þessar tillögur að lagabreytingum voru kynntar í september á fimm fundum hjá félaginu á jafnmörgum stöðum á svæðinu.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða og svo voru lögin í heild samþykkt samhljóða. Eftir að lagabreytingarnar voru samþykktir kynnti Hafdís tillögur um breytingu á reglugerð um starfsgreinadeildir og reglugerð byggingasjóðs. Tillögurnar voru einnig samþykktar samhljóða.

## Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-Iðju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Hrefna Björg W. Björnsdóttir ritari, Sigurpáll Gunnarsson meðstjórnandi, svæðisfulltrúarnir þrír; Guðrún Þorbjarnardóttir, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, formenn deildanna þriggja; Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Tryggvi Jóhannson og varaformenn deildanna; þau Guðbjörg Helga Andrésdóttir, Sólveig Auður Þorsteinsdóttir og Svavar Magnússon.

Á starfsárinu urðu tvær breytingar á stjórninni. Stefán Aðalsteinsson sem var varaformaður matvæla- og þjónustudeildar skipti um starf og færði sig yfir í annað félag. Í hans stað kom Sólveig Auður Þorsteinsdóttir. Elísabet Skarphéðinsdóttir varaformaður opinberudeildarinnar hætti á vinnumarkaði og í hennar stað kom Guðbjörg Helga Andrésdóttir. „Því fólki sem er að hætta í stjórn Margréti H. Marvinsdóttur, Stefáni Aðalsteinssyni og Elísabetu Skarphéðinsdóttur þakka ég fyrir góð og óeigingjörn störf fyrir félagið einnig þakka ég öllum þeim sem eru að hætta í trúnaðarráði og hinum ýmsu nefndum hjá félaginu fyrir frábær störf. Einnig býð ég nýtt fólk velkomið til starfa," sagði Björn á aðalfundinum.

*Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, en hún inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.*

# To the members of Eining-Iðja

*Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.*

## Holiday bonus

Eining-Iðja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus.

This year's amount for those who work in the private market is kr. 50.000. In the new collective agreement a lump sum of ISK 26,000 is added to the holiday pay bonus in 2019, and should be paid no later than 2 May 2019, in total kr. 76,000.

Since it has not yet been negotiated with the state (1 June) and municipal authorities (1 May) for new agreements, the full vacation allowance will be identical for the previous 48,000. Once a new agreements are in place you will get paid an allowance based on what will be agreed.

The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

## Keahótel

In the company's offices, members can purchase accommodation tickets for several Keahótel that are subsidized by Eining-Iðja. The ticket applies in the period May 16, 2019-30. September 2019. It is advisable to book in advance, but upon reservation, you must establish that the accommodation will be paid. Breakfast is included in all hotels in the Keahotel's. The price given is for one night and is for rooms with a shower. The prices include 11% VAT, but the accommodation fee of 333 per room per night is not included in the accommodation.

For more information see *www.keahotels.is*

| **Hótel KEA Akureyri** | **One night** |
|---|---|
| Single room with shower | Kr: 21.900.- |
| Twin room with shower | Kr: 29.600.- |
| **Hótel Norðurland Akureyri** | |
| Single room with shower | Kr: 18.900.- |
| Twin room with shower | Kr: 25.600.- |
| **Storm hótel Reykjavík** | |
| Single room with shower | Kr: 25.300.- |
| Twin room with shower | Kr: 28.500.- |
| **Reykjavík Lights** | |
| Single room with shower | Kr: 18.900.- |
| Twin room with shower | Kr: 25.600.- |

## Íslandshótel

Eining-Iðja has for sale tickets for accommodation in all Íslandshotel, which is divided into 3 hotel brands **– Fosshotel, Grand Hotel Reykjavík and hotels Reykjavík Centrum.** The price of the ticket is 11,000 and it applies for the year 2019. Each ticket is valid for one night in a standard twin room with breakfast. Hotels reserve the right to offer a higher fee for other room types to be paid at extra charge upon check-in. Note that over the summer period, two accommodation must be used and that the summer period is not the same in Reykjavik and the countryside. The tickets are available at the EiningIðja offices. Guests make their own bookings.

**Attention!** When you order you must state that you have coupons. For more information see *www.islandshotel.is*

**Reykjavík**

Winter (January 1st – May 14 and October 1st – December 31st) – 1 coupon for one night

(May 15 - September 30th) – 2 coupons for one night

**Iceland outside of Reykjavik**

Winter (January 1st – May 31st and September 1st – December 31st) – 1 coupon for one night

Summer (June 1st - August 31st) – 2 coupons for one night

## The Edda hotels

Eining-Iðja has for sale tickets for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 9,000 and it is valid for two persons in a double room with a sink for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these tickets which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2019, the price of a room of this type is kr. 17,000.

The tickets are available at the EiningIðja offices. Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The tickets may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings but reservation must be noted that the price will be paid with coupons. **Make sure to order that the hotel offer rooms with a sink.** For more information see www.hoteledda.is

## Fishing card / Veiðikortið

Members of Eining-Iðja can this summer buy Veiðikortið. The card is for sale at the Eining-Iðja offices in Akureyri, Fjallabyggð and Dalvík for only kr. 3,300 but full price is kr. 7,900. With Veiðikortið you can fish almost as much as you like in 34 lakes all around Iceland. Veiðikortið 2019 is valid for one person and only for the year 2019. Kids under the age of 14 fish free with a cardholder. For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

## Camping Card



Members of Eining-Iðja can this summer buy the Camping Card. The card is for sale at the Eining-Iðja offices in Akureyri, Fjallabyggð and Dalvík for only kr. 13,000 but full price is kr. 19,900. Camping Card holder, with the spouse and up to four children under the age of 16, can camp for up to 28 nights/ units at 39 camp sites or as long as the camp sites are open for visitors, but only for four consecutive nights each time. There are no limits to how often each visitor can visit each camp site within the 28 nights/units. For more information see www.utilegukortid.is

## Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference. Please contact Eining-Iðja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

# Námskeiðið „Ungir leiðtogar“

*Nýlega stóð ASÍ fyrir námskeiði sem kallaðist „Ungir leiðtogar,“ en eins og nafnið ber með sér þá var námskeiðið ætlað ungu fólki í verkalýðshreyfingunni. Markmið þess var að fræða þátttakendur um verkalýðshreyfinguna og efla ungt fólk sem leiðtoga, hvort sem er á vinnustaðnum eða á breiðari vettvangi. Námskeiðið var sniðið að ungum félögum í verkalýðshreyfingunni; trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarfélaga og ungu fólki í trúnaðarráðum. Tveir félagsmenn Einingar-Iðju fóru á námskeiðið, þau Hafdís Erna Ásbjarnardóttir og Ólafur Ólafsson.*



*Ólafur Ólafsson og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir.*

Námskeiðið var haldið í fyrsta skipti síðasta vor og var mikil ánægja meðal þátttakenda og almenn sátt um hvernig til tókst. Þá sendi félagið líka tvo félagsmenn, þau Sigurpál Gunnarsson og Guðbjörgu Helgu Andrésdóttur. Í dag sitja þau bæði í aðalstjórn félagsins.

## Nánar um námskeiðið

Ástæða þess að ASÍ ákvað að bjóða upp á þetta námskeið er sú að þrátt fyrir að ungt fólk (18-35 ára) sé stór hópur á vinnumarkaði er virkni þess lítil innan margra stéttarfélaga og aðkoma þess að stjórnum, þingum og ákvörðunartöku innan verkalýðshreyfingarinnar víða of lítil. Hvað Einingu-Iðju varðar er vert að nefna að rétt rúmlega 35% trúnaðarmanna sem starfa hjá félaginu eru 35 ára eða yngri og sitja þau einnig mörg hver í ýmsum ráðum og nefndum félagsins. Einnig má benda á að um 45% trúnaðarmanna eru fertugir eða yngri. Frá og með aðalfundi félagsins í fyrra var jafnframt kosið í fyrsta sinn um meðstjórnanda í aðalstjórn, en það sæti er eyrnamerkt ungum félagsmönnum og var Sigurpáll kosinn.

Námskeiðið samanstóð af þrem námslotum sem miðuðu að því að styrkja ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og gera því kleift að koma röddum ungs fólks á framfæri, á vinnustöðnum, innan hreyfingarinnar og úti í samfélaginu. Með námskeiðinu gafst ungum félögum kostur á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Síðast en ekki síst var námskeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta.

Fyrstu tvær loturnar, sem stóðu yfir í tvo daga, fóru fram í Reykjavík í mars og apríl. Þriðja lotan, sem stóð yfir í fjóra daga, fór fram í Brussel. Þar var m.a. farið í heimsókn til ETUC (Evrópsku verkalýðshreyfingarinnar) og ungliðaþjálfarar frá ETUI (fræðslumiðstöð ETUC) fræddu nemendur um áskoranir ungs fólks á evrópskum vinnumarkaði þar sem áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar eru farnar að hafa áhrif á störf. Sem dæmi um áhrif stafræna hagkerfisins má nefna hátt atvinnuleysi ungmenna, ótrygg atvinna og jaðarsetning ungs fólks á vinnumarkaði.

Jafnframt var tekið hús á ITUC (International Trade Union Confederation) þar sem einblínt var á vel heppnaðar herferðir þeirra. Stærstu heildarsamtök launafólks í Belgíu, FGBT, voru sótt heim þar sem kynntar voru fyrir hópnum þær áskoranir sem samtökin hafa rekist á í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og þá sérstaklega deilihagkerfið. Þá kynntu ungliðar FGBT starf sitt og uppbyggingu.

Þriðja lota byggði í meira mæli en fyrri lotur á fyrirlestrum, en þó gafst þátttakendum líka kostur á að spreyta sig á raunhæfum verkefnum og taka þátt í umræðum á ensku um þau mál sem brenna á ungu fólki í Evrópu.









# Góð þátttaka í 1. maí hátíðarhöldum

***Fjölmenni safnaðist saman á Akureyri þann 1. maí sl. til að taka þátt í kröfugöngu sem stéttarfélögin á Akureyri stóðu fyrir í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Einnig var góð mæting í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð.***

Kjörorð dagsins voru *„Jöfnum kjörin – samfélag fyrir alla."* Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn að Ráðhústorgi og svo niður í Menningarhúsið HOF, þar sem fram fór hátíðardagskrá í tilefni dagsins. Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður Félags málmiðnaðarmanna Akureyri, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Drífa Snædal, forseti ASÍ, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði. Örn Smári Jónsson söng frumsamin lög og Svenni Þór og Regína Ósk sungu lög úr myndinni A star is born. Hátíðardagskrá lauk með sameiginlegum söng á Maístjörnunni undir stjórn Svenna og Regínu. Að dagskrá lokinni var boðið upp á glæsilegt kaffihlaðaborð í Menningarhúsinu HOFI.

Jóhann sagði m.a. í ávarpinu að „hlutverk verkalýðshreyfingar í dag er, auk hefðbundinnar kjarabaráttu, að berjast fyrir samfélagi jafnréttis og jafna tækifæri launafólks og alls almennings til að geta lifað mannsæmandi lífi þar sem jafnrétti kynja og tækifæra ríkir og jafnt aðgengi allra sé að menntun, heilbrigðiskerfi, lyfjum og að húsnæði standi hverjum og einum til boða á viðráðanlegum kostnaði út frá þeirra stöðu. Þetta er sannarlega markmið hreyfingarinnar og í vinnslu á hverjum tíma. Við höfum náð árangri en eigum samt langt í land víða."

Eins og áður sagði flutti Drífa Snædal, forseti ASÍ, aðalræðu dagsins og sagði hún m.a. að „það er mér mikill heiður að fá að ávarpa ykkur hér á hinu fagra Norðurlandi þar sem verkalýðsbarátta hefur alltaf þrifist vel og verið öðrum innblástur. Ekki einungis hefur Norðurlandi gefið af sér mikla snillinga í verkalýðsmálum heldur höfum við héðan innsýn inn í líf verkafólks í gegnum bókmenntir og menningu."

Jafnframt sagði Drífa að verkalýðshreyfingin væri sprelllifandi um þessar mundir, „allir hafa skoðanir á kjara- og verkalýðsmálum og blöðin fylla heilu dálkana af greiningum, umræðum og fréttum um kjaramál. Þannig á það líka að vera. Við eigum að vera öflug grasrótarhreyfing sem er ekkert óviðkomandi sem snertir daglegt líf og lífsgæði fólks. Launafólk á Íslandi veit að það á bakhjarl í félaginu sínu og það er mín ósk að sem flestir taki þátt og raddir hreyfingarinnar heyrist sem víðast. Sækjum fram; einbeitt, baráttuglöð og samheldin! Krefjumst jöfnuðar og samfélags þar sem allir fá að blómstra. Til hamingju með daginn."

Fleiri myndir og ávörpin í heild má finna á *www.ein.is*










# Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í annarri ferðaþjónustu?

**Nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi:**

- Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxta.
- Byrjunarlaun miðast við 18 ára aldur. *Sjá nánari útfærslu í kjarasamningi.*
- 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir eitt ár.
- Hámarkslengd vaktar er 12 klst. og lágmark 3 klst.
- Vakt skal unnin í samfelldri heild.
- Vaktaplan skal skipulagt fyrir 4 vikur í senn, vaktaskrá skal kynnt með a.m.k. viku fyrirvara.
- Hvenær lýkur þinni vakt? Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani. Ef slíkt er ekki skráð og málið kemur til félagsins verður viðkomandi fyrirtæki rukkað um dag- og yfirvinnu fyrir hönd félagsmanns.
- Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils:
- 33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 00:00 mánudaga til föstudaga
- 45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 allar nætur og laugardaga og sunnudaga.
- Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.
- Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Að lágmarki skal borga 4 klst. í útkalli.
- Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,33 klst., eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.
- Ef ráðið er í vaktavinnu þarf það að koma fram á ráðningarsamningi.

# Eining-Iðja er á Facebook

***Við erum á Facebook. Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins, www.ein.is, munu jafnframt birtast þar ásamt öðru sem tilheyrir starfinu og ratar ekki endilega á heimasíðuna. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „Líka" nýju síðuna.***

Vinsamlegast athugið að ekki er fylgst síðunni allan sólarhringinn, reynt er að bregðast við athugasemdum eins fljótt og hægt er. Þeir sem vilja hafa samband við félagið er bent á að hringja í 460 3600, senda póst á ein@ein.is, eða með því að senda inn fyrirspurn í gegnum heimasíðuna.

***Fyrirvari vegna birtingar efnis á Facebook-síðu Einingar-Iðju***

Upplýsingar á síðunni eru einungis til fræðslu og upplýsinga. Það er áhugavert að fá ummæli frá félagsmönnum og öðrum sem áhuga hafa á starfseminni. Það er mikilvægt að vera varkár í skrifum sínum og hafa í huga að gagnrýna efni, en ekki einstaklinga.

Allar athugasemdir, spurningar, lof og last er birt, en aðeins ef um er að ræða efni sem tengist starfsemi félagsins og er málefnalega fram sett. Eining-Iðja áskilur sér rétt til að eyða því efni sem ekki fellur undir lýsingu þessa. Undir það falla niðrandi, óviðeigandi ummæli í garð einstaklinga eða hópa, og ásakanir um refisverða háttsemi, slíku verður eytt tafarlaust.

Hver sá sem skrifar ummæli eða athugasemd á Facebook-síðu félagsins gerir það á eigin ábyrgð, en séu ummælin brot á landslögum áskilur félagið sér rétt til að vísa þeim til lögreglu.

Við erum á facebook

**Eining-Iðja mætir á LÝSU**
**Rokkhátíð samtalsins**
**6. og 7. september 2019**
**í HOFI Akureyri**
**Allir velkomnir – Enginn aðgangseyrir**
**Komdu og vertu með!**

**GOTT AÐ HAFA Í HUGA**

# Þrif og umsjón

***Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón með íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrífa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.***

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrífa íbúð á Egilsstöðum og orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð eða orlofshús hjá félaginu.

## Do członków związku Eining-Iðja

**Prawo do korzystania z urlopu letniego.** Wszyscy mają prawo do urlopu,przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu.Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

**Umowa o pracę (Ráðningarsamningar).** Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.
W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej,według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony.Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.
Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą .Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.
W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę ,a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

**Dodatek urlopowy 2019 (Orlofsuppbót).** *Czy nie masz na pewno dodatek urlopowy?* Pełny dodatek urlopowy w 2019 na rynku ogólnym wynosi kr. 50 000. Nowa Umowa zbiorowa z SA składa się z jednej płatności, która ustanawia jako odrębną opłatę dodatek urlopowy w 2019 w wysokości kr. 26 000. Osoby na ogólnym rynku pracy musiały zatem otrzymać płatność w wysokości kr. 76 000 w tym roku.
Ponieważ nie został jeszcze wynegocjowany z władzami państwowymi i gminnymi dla nowych umów Kajaran, pełny dodatek urlopowy był identyczny w poprzednim roku, kr. 48 000. Gdy będziesz musiał negocjować, musisz zapłacić zasiłek w oparciu o to, co zostanie uzgodnione.
Dodatek urlopowy za ten rok musiał zatem zostać wypłacony osobom pracowym na ogólnym rynku pracy i władzom lokalnym na początku maja tego roku, podczas gdy praktyka polega na tym, że ustanawia płatność przez osoby pracujące na ogólnym rynku pracy i przez Państwo w dniu 1. Czerwiec, ale 1. Może przez miejscowych pracowników.
*Kto ma prawo do zasiłku urlopowego?* Ci, którzy byli zatrudnieni w 1 roku urlopu. 2018 maja – 30. 2019 kwietnia były uprawnione do pełnego zasiłku, ale w przeciwnym razie jest wypłacana zgodnie z szybkością pracy i czasu pracy. Premia urlopowa jest stałą kwotą i nie oblicza urlopu na szczycie urlopu urlopowego.
*Personel na ogólnym rynku pracy:* zatrudnienie w pełnym wymiarze lat jest uważane za 45 tygodni lub więcej w przypadku braku urlopu. Ci, którzy są stale zatrudnieni przez pracodawcę przez 12 tygodni w ciągu ostatnich 12 miesięcy w porównaniu do 30. Pierwszy tydzień w maju miał prawo do zasiłku.
*Pracowników państwowych i lokalnych:* tych, którzy pracowali 13 tygodni po kolei w trakcie wakacji lub byli w pracy na 30. Kwietnia mieli prawo do zasiłku. Na stronie internetowej firmy, www.ein.is, można znaleźć stoły o wysokości wynagrodzenia urlopowego na podstawie stawki pracy i czasu pracy.

## ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกท่าน

**สิทธิในการขอลาพักร้อน** (Réttur til að taka sumarfrí)
สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน
หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ
และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน
ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้
แต่สมาชิกฯจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด
ด้วยการโทรฯและทิ้งข้อความ
เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน
และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย
มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

**วัน หยุด 2019** (Orlofsuppbót). โบนัสวันหยุดเต็มในปี 2019
ในตลาดทั่วไปคือ kr 50,000 ในข้อตกลงร่วมกับ SA
การชำระเงินแบบครั้งเดียวได้ถูกเจรจาซึ่งเป็นสายพันธุ์พิเศษในการชดเชยวันหยุดปีนี้ในจำนวน kr 26,000 ผู้ที่อยู่ในตลาดแรงงานทั่วไปจึงควรได้รับเงิน kr 76,000 ปีนี้
เนื่องจากยังไม่มีข้อตกลงกับรัฐและเทศบาลเกี่ยวกับข้อตกลงการประกันตัวใหม่โบนัสวันหยุดเต็มรูปแบบของหนึ่งในปีก่อนหน้าคือ kr 48,000
เมื่อต้องเจรจาเรื่องอสังหาริมทรัพย์จะต้องชำระเงินเสริมตามสิ่งที่ตกลงกัน
โบนัสวันหยุดสำหรับปีจึงต้องจ่ายโดยผู้ที่ทำงานในตลาดแรงงานทั่วไปและเทศบาลเมื่อต้นเดือนพฤษภาคมปีนี้
แต่เป็นธรรมเนียมที่พวกเขาจะต้องจ่ายโดยผู้ที่ทำงานในภาคเอกชนและรัฐในวันที่ 1 มิถุนายน แต่วันที่ 1 พฤษภาคม กับเจ้าหน้าที่ท้องถิ่น
ใครมีสิทธิได้รับเงินสงเคราะห์ในวันหยุด?
ผู้ที่เป็นพนักงานเต็มเวลาในช่วงวันหยุดปี 1 พฤษภาคม 2018 - 30 เมษายน 2019 มีสิทธิ์ได้รับค่าชดเชยเต็มจำนวน
แต่ไม่เช่นนั้นพวกเขาจะได้รับค่าตอบแทนตามอัตราการจ้างงานและเวลาทำงาน
อาหารเสริมสำหรับวันหยุดเป็นจำนวนเงินที่แน่นอนและไม่มีการคำนวณวันหยุดพักผ่อนที่ด้านบนของอาหารเสริมสำหรับวันหยุด. พนักงานภาครัฐ:
งานเต็มเวลาจะถือว่าเป็น 45 สัปดาห์ขึ้นไปนอกเหนือจากวันหยุด
ผู้ที่ได้รับการว่าจ้างอย่างต่อเนื่องกับนายจ้างเป็นเวลา 12 สัปดาห์ในช่วง 12 เดือนที่ผ่านมาเมื่อเทียบกับ 30 เมษายนที่ผ่านมา
หรือที่ทำงานในสัปดาห์แรกของเดือนพฤษภาคมคุณมีสิทธิ์ได้รับอาหารเสริม
เจ้าหน้าที่ของรัฐและท้องถิ่น: ผู้ที่ทำงาน 13 สัปดาห์อย่างต่อเนื่องในช่วงวันหยุดหรือทำงานจนถึง 30 เมษายนมีสิทธิ์ได้รับอาหารเสริม.

**สัญญาการว่าจ้างทำงาน** (Ráðningarsamningur)
ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร
ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง
และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่างๆ
โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง
จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน
หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร
ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง
เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง
ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน
ที่สำนักงาน Eining –Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล
ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้
และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา
ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์ สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12 วัน
จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน
ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1 เดือนก่อนออกจากงาน
(เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่ หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่)
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน
และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออ

# Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs

## – Afnema þarf skerðingar

*Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri, miðvikudaginn 8. maí. sl. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Hægt var í fyrsta sinn að fylgjast með fundinum í beinni vefútsendingu á heimasíðu sjóðsins. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 41 fulltrúi frá Einingu-Iðju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Erla Jónsdóttir, stjórnarformaður Stapa, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2018. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreiknings sjóðsins og áritanir og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu Stapa sem tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson vann fyrir sjóðinn. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynnti Brynjar Þór Hreinsson, fjárfestingarstjóri Stapa, fjárfestingarstefnu sjóðsins.*

Erla lagði í ávarpi sínu áherslu á mikilvægi þess að bakland lífeyrissjóðanna, ekki síst stéttarfélögin, málsvarar sjóðfélaga, fari í þá vinnu að greina hvernig við viljum sjá lífeyriskerfið þróast til framtíðar. Baklandið þurfi að standa með sínum sjóðfélögum og kanna til hlítar réttmæti skerðinga í almannatryggingakerfinu. Lífeyriskerfið var stofnað sem sparnaðarkerfi fyrir 50 árum. Í dag er það ekki sparnaðarkerfi svo nokkru nemi því ríkið hefur seilst í vasa sjóðfélaga og hirt af þeim sparnaðinn. Þessar miklu skerðingar þurfi að afnema. Í ljósi þungrar örorkubyrði sjóðsins velti formaður stjórnar einnig fyrir sér hversu vel það fari að blanda áfallatryggingum og eftirlaunatryggingum saman í ljósi ólíkrar örorkubyrði sjóða og misjafnra valmöguleika launamanna.

Í máli stjórnarformanns kom einnig fram að sjóðurinn er í örum vexti. Á árinu fengu 9.620 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum, samtals 5,7 milljarða króna en greiðslur til sjóðsins voru 11,5 milljarðar. Ávöxtun sjóðsins var sveiflukennd. Nafnávöxun endaði í 4,8% sem svarar til 1,5% raunávöxtunar. Stjórnarformaður fór einnig yfir breytingar á skipuriti sjóðsins. Nýtt svið var stofnað, réttindasvið, sem tekur við öllum málefnum lífeyris- og tryggingadeildar. Í ávarpinu kom einnig fram að stjórn sjóðsins hefur markað þá stefnu að auka enn við erlendar fjárfestingar til að fjölþætta enn betur eignasafn sjóðsins, með það að markmiði að draga úr áhættu.

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Iðgjöld ársins 2018 voru 12.054 milljónir króna miðað við 10.191 milljónir króna árið áður. Lífeyrir var 5.967 milljónir króna, sem er hækkun um 617 milljónir. Fjárfestingartekjur námu 10.242 milljónum króna. Rekstrarkostnaður var 456 milljónir króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2018 var 220.707 milljónir kr. og jókst um 15.757 m.kr milli ára.

Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust eftirfarandi: Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 99.202 milljónir króna. Skuldabréf 116.152 milljónir króna. Bundnar bankainnistæður 971 milljónir króna. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði 25 milljónir. Kröfur 1.533 milljónir króna. Ýmsar eignir 180 milljónir króna. Handbært fé 2.796 milljónir króna. Skuldir í árslok voru 153 milljónir króna.

### Tryggingafræðilegt mat

Jóhann Steinar gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu Stapa sem tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson vann fyrir sjóðinn og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Í máli hans kom fram að árin 2017 til 2018 vann Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrunn fyrir örorku- og endurhæfingarlíkur byggt á reynslu allra íslenskra lífeyrissjóða árin 2010 til 2016 og samþykkti FÍT grunninn sem grunn félagsins fyrir mat lífeyrisskuldbindinga.



### *Ýmis nýmæli er að finna í reiknigrundvellinum:*

- Mismunandi lífslíkur eru ákveðnar eftir stöðu sjóðfélaga (virkir, öryrkjar og rétthafar).
- Endurhæfingartíðni er metin sérstaklega.
- Lífslíkur sjóðfélaga eru nú metnar eftir lífslíkum þeirra sem eiga réttindi í lífeyrissjóðum, ekki eftir upplýsingum úr þjóðskrá.
- Ekki er lengur gert ráð fyrir að öll ný örorkutilvik séu 100% orkutap, heldur meðaltal þess sem fram kom í athuguninni, sem var 90%.

### *Áhrif nýs reiknigrundvallar á mat skuldbindinga*

- Meðalævi reiknast lengri en eftir fyrri forsendum og því hækkar mat eftirlaunaskuldbindinga almennt.
- Minnst hjá sjóðum með háa örorkutíðni.
- Mat á örorkutíðni hækkar, en er þó mismunandi eftir lífeyrissjóðum.
- Nýr reiknigrundvöllur er talinn gefa réttara mat á skuldbindingum Stapa og er því notaður við tryggingafræðilega athugun 2018.
- Fyrir Stapa er aðlögun örorkulíkinda 140% af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 105% af meðaltali fyrir nýgengi örorku kvenna. Þetta svarar til um 15% hækkunar frá fyrri forsendum fyrir karla og 15% lækkun fyrir konur.
- • Ekki hafa allir lífeyrissjóðir enn tekið mið af nýjum reiknigrundvelli.

### *Breyting frá fyrra ári*

- Heildarstaða fer úr -0,9% í -1,8%.
  - Væri jákvæð um 0,5% m.v. óbreyttar reikniforsendur
- Áfallin staða fer úr -1,1% í -0,2%
  - Þó ávöxtun nái ekki 3,5% viðmiði hefur það ekki áhrif á skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri þar sem réttindi þeirra fylgja eignavísitölu.
  - Hagstæð afkoma á tryggingakerfi árið 2018 gerir meira en vega upp hækkun áfallinna skuldbindinga vegna breytinga á forsendum.
- Framtíðarstaða fer úr -0,7% í -3,7%, sem rekja má til breytinga á reikniforsendum.
- Verði heildarstaða meira en -5% eða +5% fimm ár í röð er sjóðnum skylt að grípa til aðgerða (l.129/1997), staða sjóðsins er því vel innan viðmiðunarmarka.
- Í ljósi neikvæðrar stöðu í framtíðarútreikningi tryggingafræðilegrar stöðu (-3,7%) má hins vegar búast við uppfærslu á réttindatöflum á næsta ársfundi.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur að breytingum á einstökum greinum samþykkta sjóðsins og gerði Einar Ingimundarson, lögfræðingur, grein fyrir þeim. Allar breytingatillögur voru samþykktar.

Gerð var grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins sem er óbreytt frá fyrra ári og var hún samþykkt samhljóða.

**Stjórn Stapa lífeyrissjóðs skipa í dag:**

*Frá launamönnum:*

Huld Aðalbjarnardóttir (stjórnarformaður), Oddný María Gunnarsdóttir, Sverrir Mar Albertsson og Tryggvi Jóhannsson.

Varamenn: Heimir Kristinsson og Sigríður Dóra Sverrisdóttir.

*Frá launagreiðendum:*

Erla Jónsdóttir (varaformaður), Kristín Halldórsdóttir, Unnar Már Pétursson og Valdimar Halldórsson.

Varamenn: Guðrún Ingólfsdóttir og Páll Snorrason.

*Ársskýrsluna og fleiri gögn frá fundinum má finna á vef Stapa.*

# Hótel Edda – gistimiðar til sölu

***Eins og undanfarin sumur geta félagsmenn keypt niðurgreidda gistimiða á öll Edduhótel landsins. Verð miða fyrir sumarið 2019 er kr. 9.000. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn.***

Ekki verður dregið frá punktainneign félagsmanna vegna þessara miða. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2019 á slíkt herbergi að kosta kr. 17.000.

Miðana má nota á öllum Edduhótelum hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu í gegnum síma eða með tölvupósti og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. **Gangið úr skugga við pöntun um að hótelið bjóði upp á herbergi með handlaug.**

***Uppfærsla, þegar keyptur er miði fyrir herbergi með handlaug:***

- Sé gist í herbergi með baði greiðist aukagjald kr. 8.000 á herbergi.
- Sé gist í herbergi með baði á Hótel Eddu Plus* greiðist aukagjald kr. 11.500 á herbergi.

**Hótel Edda Plus eru á Akureyri, Stórutjörnum, Laugum í Sælingsdal og Höfn.*

Einnig má greiða fyrir herbergi með baði eða Plus herbergi með tveimur miðum sem gilda fyrir herbergi með handlaug. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2019 á slíkt herbergi að kosta kr. 25.000 og á Plus kr. 28.500.

**Athugið** að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistimiða. Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni *www.hoteledda.is*

**Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2019 er:**

| | |
|---|---|
| 1 Tveggja manna herbergi m/handlaug | kr. 17.000** |
| 2 Tveggja manna herbergi m/baði | kr. 25.000 ** |
| 3 Tveggja manna herbergi m/baði PLUS | kr. 28.500** |
| 4 Morgunverður á mann | kr. 2.450 |

***Þessi verð eru til viðmiðunar fyrir sumarið 2019, geta verið breytileg.*

# Gistimiðar frá Íslandshótel

ÍSLANDSHÓTEL

*Eining-Iðja hefur til sölu niðurgreidda gistimiða frá Íslandshótel, sem skiptast í þrjú hótelvörumerki sem hafa starfsemi sína á Íslandi – **Fosshótel** sem eru staðsett hringinn í kringum landið, **Grand Hótel Reykjavík** og **Hótel Reykjavík Centrum**. Félagsmenn geta notað gistimiðana á öll þessi hótel. Verð miða er kr. 11.000 og gildir hann fyrir árið 2019. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-Iðju.*

Athugið að yfir sumartímabilið þarf að nota tvo gistimiða og að sumartímabilið er ekki það sama í Reykjavík og á landsbyggðinni.

Bókanir skulu berast beint á viðkomandi hótel eða á söluskrifstofu Íslandshótela. Athugið ekki er hægt að bóka í gegnum bókunarvél á heimasíðu ef greiða á með gistimiða. Ráðlagt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða því takmarkað magn herbergja á gistimiðum er í boði.

Hver miði gildir fyrir eina nótt í standard tveggja manna herbergi með morgunverði. Hótel áskilja sér rétt til að bjóða hærra gjald fyrir aðrar herbergistýpur sem greiðist aukalega við innritun.

**Reykjavík**

**Vetur** (1. janúar - 14. maí og 1. okt - 31. desember)
- 1 gistimiði fyrir eina nótt.

**Sumar** (15. maí til og með 30. september)
- 2 gistimiðar fyrir eina nótt.

**Landsbyggðin**

**Vetur** (1. janúar- 31. maí og 1. september - 31. desember)
- 1 gistimiði fyrir eina nótt.

**Sumar** (1. júní til og með 31. ágúst) -
- 2 gistimiðar fyrir eina nótt.

Eitt barn 12 ára og yngri gistir endurgjaldslaust í herbergi með foreldri/um ef deilt er rúmi.

**Ath!** Á Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum, Fosshótel Reykjavík og Fosshótel Jökulsárlóni þarf að greiða kr. 6.000 aukalega fyrir hverja nótt við innritun.

Miðarnir gilda ekki á sérstökum viðburðum eins og Mærudögum á Húsavík, Menningarnótt í Reykjavík o.s.frv.

*Nánari upplýsingar má finna á www.islandshotel.is*

# Útilegukortið

ÚTILEGU KORTIÐ

*Sumarið 2019 býður Eining-Iðja félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið. Fullt verð er kr. 19.900 en verð til félagsmanna er kr. 13.000.*

Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á 39 tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gist er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistinótt strikuð út hverju sinni. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin.

***Ath!** gistináttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.*
Frekari upplýsingar um kortið má fá á heimasíðunni
*www.utilegukortid.is*

## Reynslutími/ starfsþjálfun er líka vinna!

**Að gefnu tilefni vill Eining-Iðja benda fyrirtækjum og félagsmönnum á þá staðreynd að þeir sem fengnir eru í starfsþjálfun eða til prufu í vinnu eiga að fá borgað fyrir þann tíma sem unnið er.**

**Of margir félagsmenn hafa leitað til okkar og sagt frá því að þeir hafi ekki fengið greitt fyrir vinnu þar sem þeir væru til prufu. Sérstaklega á þetta við í veitingageiranum.**

**Eining-Iðja bendir félagsmönnum, sem lent hafa í þessu, á að hafa samband við félagið og við munum ganga í málið.**

## VEIKINDI Í ORLOFI

**Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofsins.**

**Þegar veikindi hefjast ber starfsmanni að tilkynna það á vinnustað með sannanlegum hætti, sama hvar hann er staddur í veröldinni, eins og hann væri í vinnu. Þá getur hann tekið orlofið síðar, eftir að hann hefur náð heilsu á ný, með samkomulagi við yfirmann sinn.**

# Veiðikortið - aðeins kr. 3.300 til félagsmanna

*Eining-Iðja býður félagsmönnum sínum að kaupa Veiðikortið á sérkjörum. Kortið er til sölu á skrifstofum félagsins á aðeins kr. 3.300 en fullt verð er kr. 7.900.*

Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 34 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Nú gefst fólki loksins kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með kortinu fylgir veglegur bæklingur og í honum eru lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir. Einnig eru grunnupplýsingar á ensku í bæklingnum. Allan texta í bæklingi má finna á *www.veidikortid.is* bæði á íslensku og ensku.

Veiðikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Þegar skráning fer fram hjá landeiganda eða veiðiverði ber að sýna Veiðikortið og persónuskilríki eða samkvæmt reglum í bæklingi. Veiðimenn eru hvattir til að ganga vel um veiðisvæðin og skilja ekki eftir sig rusl eða önnur ummerki.

Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Eiganda kortsins ber að merkja kortið á bakhlið með kennitölu sinni. Veiðimönnum ber að virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasíðum vatnanna, en mismunandi reglur geta gilt á milli vatnasvæðanna.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á *www.veidikortid.is*




# Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?

***Fylgstu með á Félagavefnum og fáðu upplýsingar um þína stöðu. Félagsgjöld til Einingu-Iðju eru 1% af launum og sér vinnuveitandi um skil þeirra til félagsins.***

Til að viðhalda fullgildum félagsrétti í Einingu-Iðju þurfa félagsgjaldagreiðslur að berast reglulega. Ef ekkert félagsgjald er greitt í sex mánuði samfellt fellur viðkomandi félagsmaður af félagsskrá.

Með greiðslu lágmarksfélagsgjalda koma tiltekin réttindi. Hjá Einingu-Iðju hafa félagsmenn t.d. rétt til:

- Upplýsinga um réttindi og skyldur
- Aðstoðar við túlkun kjarasamninga
- Aðstoðar við gerð ráðningarsamninga
- Aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu
- Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað
- Lögfræðiaðstoðar tengda kjaramálum
- Aðstoðar í veikindum í gegnum sjúkrasjóðinn
- Styrkja til forvarna og endurhæfingar
- Niðurgreiðslu á námi og námskeiðum
- Aðgangs að orlofshúsum

Upphæð félagsgjalda og nafn stéttarfélags á að koma fram á launaseðli. Á Félagavef Einingar-Iðju (finnið hann efst til hægri á *www.ein.is*) er hægt að fylgjast með skilum félagsgjalda og sjá yfirlit yfir greidd félagsgjöld aftur í tímann. Eining-Iðja hvetur félagsmenn til að skoða launaseðilinn sinn vel og fylgjast með skilum félagsgjalda á Félagavefnum.

# Ekki segja upp í veikindum

## *– Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi –*

**Það eru nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-Iðju eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-Iðja beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.**

**Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óafsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt. *Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-Iðju áður en skrifað er upp á starfslok.***

# Verðlagseftirlit ASÍ

***Markmið verðlagseftirlits ASÍ er annars vegar að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þannig neytendavitund og hins vegar að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald. Megináhersla í störfum verðlagseftirlitsins hefur verið lögð á að skoða matvörumarkaðinn en einnig hefur sjónum verið beint að ýmsu öðru sem viðkemur pyngju neytenda.***

Fyrr á árinu héldu verðlagseftirlit ASÍ og Neytendasamtökin málþing um verðlag á matvöru sem vakti mikla athygli. Streymt var frá þinginu á heimasíðu ASÍ og er hægt að horfa á upptökuna þar. Mikill samhljómur var meðal frummælenda á þinginu og þeirra sem tóku þátt í pallborðsumræðum, um að verðlag á matvöru á Íslandi væri hærra en það þyrfti að vera og að ýmsar leiðir væru færar til að lækka það.

### Nýr vettvangur neytenda til að veita fyrirtækjum aðhald

Í maí setti Verðlagseftirlit ASÍ á fót Facebookhóp þar sem almenningur getur sent inn ábendingar og upplýsingar um verðhækkanir og/eða látið vita af fyrirtækjum sem ekki hafa hækkað verð hjá sér og/eða bjóða upp á gott verð. Þarna geta fyrirtæki einnig látið vita ef þau hafa ekki hækkað verð og ætla sér ekki að gera það.

ASÍ sendi frá sér tilkynningu þegar hópurinn var stofnaður þar sem segir að með nýjum kjarasamningum hafi launafólk axlað ábyrgð en það geti ekki og eigi ekki að gera það eitt. „Fyrirtækin í landinu verða einnig að axla ábyrgð á stöðugleikanum í íslensku efnahagslífi. Það er ekki í boði að kostnaði vegna kjarasamninga verði velt út í verðlagið.“

Við hvetjum alla til að finna þennan hóp á facebook, ***(Vertu á verði - eftirlit með verðlagi)*** ganga í hann og taka þannig þátt í að veita fyrirtækjum aðhald og tryggja að umsamdar launahækkanir skili sér í auknum kaupmætti.

### Matarsóun

Vissir þú að matarsóun nemur um 60 þúsund kr. á einstakling á ári eða 240.000 kr. á fjögurra manna fjölskyldu? Væri ekki skemmtilegra að eyða peningnum í eitthvað annað og stemma stigu við loftslagsbreytingum í leiðinni?

Verðlagseftirlit ASÍ tók saman nokkur góð og skilvirk ráð til að minnka matarsóun eins og sjá má á síðunnu hér við hliðina.

# Ungliðafundur SGS

*Starfgreinasamband Íslands stóð fyrir fundi fyrir ungt fólk á Hótel Hallormsstað á Austurlandi dagana 22. og 23. maí sl. Alls mætti 21 ungliði á aldrinum 18 til 33 ára til fundarins, en öll eru þau félagsmenn í einhverjum af aðildarfélögum SGS. Eining-Iðja átti þarna tvo fulltrúa, þau Sigurpál Gunnarsson og Guðbjörgu Helgu Andrésdóttur sem sitja bæði í aðalstjórn félagsins.*

Dagskráin var fjölbreytt og umræðurnar líflegar. Fyrri daginn var m.a. farið yfir nýja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og fjallað um vinnumarkaðinn í alþjóðlegu samhengi, en síðari daginn fengu þátttakendur fróðleg erindi um loftslagsmál og möguleika í notkun samfélagsmiðla. Í lok fundarins hittu ungliðarnir formenn aðildarfélaga SGS og ræddu um væntingar sínar og þau mál sem þeim fannst að berjast ætti fyrir.

Þetta var í fjórða sinn sem SGS stendur fyrir ungliðafundi á borð við þennan og miðað við ánægjuna og áhugann hingað til er ljóst að þessir fundir eru komnir til að vera. Það eiga vonandi flestir í þessum hópi eftir að láta að sér kveða innan verkalýðshreyfingarinnar í framtíðinni enda ungt fólk á uppleið með góðar hugmyndir.



*Ungliðar kynna fyrir formönnum hvaða áherslur þeir vilja sjá í starfi SGS og annarra félaga.*

# ÁÐUR EN FARIÐ ER Í BÚÐINA

**KLÁRAÐU ÞAÐ SEM ER TIL**
Í ÍSSKÁPNUM ÁÐUR EN ÞÚ KAUPIR MEIRA



**GERÐU INN-KAUPALISTA**
TAKTU MYND INNAN ÚR ÍS-SKÁPNUM (OG ÞURRVÖRU-SKÁPNUM!)



**SKIPULEGGÐU INNKAUPIN**
ÚT FRÁ ÞVÍ SEM ÞÚ ÁTT



# Í BÚÐINNI

**EKKI FARA**
SVÖNG/ SVANGUR Í BÚÐINA



**FARÐU OFTAR Í BÚÐINA**
OG KAUPTU MINNA Í EINU



**KAUPTU EINUNGIS INN FYRIR 2-4**
DAGA Í EINU



**SETTU EINUNGIS VÖRUR**
Í KÖRFUNA SEM ÞÚ VEIST HVENÆR ÞÚ ÆTLAR AÐ BORÐA



# ÞEGAR HEIM ER KOMIÐ

**HAFÐU ÍSSKÁPINN HREINAN,**
SNYRTILEGAN OG LAUSAN VIÐ ÓREIÐU



**RAÐAÐU NÝJUM VÖRUM AFTAST**
OG ELDRI VÖRUM FREMST




**NOTAÐU FRYSTINN!**



# AÐ LOKUM

EF ÞÚ SÉRÐ EKKI FRAM Á AÐ KLÁRA MAT
SEM ÞÚ ÁTT ÁÐUR EN HANN EYÐILEGGST, GEFÐU NÁGRÖNNUNUM, FJÖLSKYLDU EÐA VINUM



# Fyrsta skrefið stigið til að stöðva kennitöluflakk

***Alþingi samþykkti í júní breytingu á almennum hegningarlögum sem hefur það að markmiði að sporna við kennitöluflakki. Í breytingunni felst að hér eftir er hægt að banna þeim sem dæmdir eru fyrir meiriháttar brot á lögum um tekjuskatt eða staðgreiðslu opinberra gjalda að koma að rekstri fyrirtækja eða stofnun þeirra í allt að þrjú ár.***

Um er að ræða breytingu á 262. grein hegningarlaga. Við greinina bætist svohljóðandi málsgrein: *„Nú er maður dæmdur sekur um brot gegn ákvæði þessu og má þá í dómi í sakamáli á hendur honum jafnframt banna honum að stofna félag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sitja í stjórn, starfa sem framkvæmdastjóri eða koma með öðrum hætti að stjórnun eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar í slíku félagi í allt að þrjú ár."*




**Gylfi Arnbjörnsson, fyrrum forseti ASÍ, og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, að kynna tillögur gegn kennitöluflakki í júní árið 2017. - Mynd/ASÍ**

## Nauðsynlegt er að stíga mun stærri skref

ASÍ vekur athygli á þessu í fréttabréfi þar sem segir að samþykkt frumvarpsins feli í sér fyrsta skrefið í baráttunni gegn kennitöluflakki í íslensku atvinnulífi en að mikilvægt sé að fylgja málinu eftir með frekari lagabreytingum á næsta þingi. Einnig er vísað í sameiginlega umsögn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um frumvarpið. Í henni kemur fram að samtökin styðji frumvarpið í öllum meginatriðum. *„Með því er stigið skref í þá átt að uppræta kennitöluflakk. Nauðsynlegt er að stíga mun stærri skref, m.a. með því að innleiða hér á landi heimild til að geta svipt vanhæfa einstaklinga tímabundið heimild sinni til að reka félag með takmarkaðri ábyrgð (atvinnurekstrarbann) að norrænni fyrirmynd sem er ekki bundin við refsimál og hægt er að ná fram með skjótvirkum hætti. Ekki er eftir neinu að bíða og mikilvægt að frumvarp þess efnis verði lagt fram í upphafi næsta löggjafarþings og að náið samráð verði haft við samtökin enda miklir hagsmunir í húfi."*

## Tillögur í baráttunni gegn kennitöluflakki

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins kynntu í júní 2017 tillögur í átta liðum sem ætlað var að sporna gegn kennitöluflakki. Þá kom m.a. fram að ætla megi að tjón samfélagsins vegna kennitöluflakks hlaupi á milljörðum króna á hverju ári. Kennitöluflakk er meinsemd í íslensku samfélagi sem er hægt að lágmarka með breytingu laga í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Jafnframt kom fram að það væri til mikils að vinna því fjárfesting í baráttu gegn kennitöluflakki mun skila sér margfalt til baka. Tjónið lendir á fyrirtækjum, ríkissjóði, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum, launafólki og neytendum. Nefnd voru nýleg dæmi frá Ástralíu sem sýndu að rúmlega helmingur tjónþola kennitöluflakks væru fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við kennitöluflakkara. Ríkissjóður ber rúmlega þriðjung tjónsins en starfsmenn rúmlega 10%.

Tekið var fram að mikilvægt væri að gera greinarmun á kennitöluflakki og hefðbundnum gjaldþrotum fyrirtækja sem eiga sér eðlilegar skýringar og þar sem vilji væri til að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er. Kennitöluflakk felur hins vegar í sér glæpsamlega starfsemi þar sem markmiðið er að koma undan fjármunum.

Eins og framar segir þá voru tillögurnar í átta liðum og segir í einni þeirra: *„Heimild til að svipta þá einstaklinga sem teljast vanhæfir vegna óverjandi viðskiptahátta eða rökstudds gruns um refsiverðan verknað í rekstri heimild sinni til að taka þátt í stjórnun félags með takmarkaða ábyrgð í allt að þrjú ár."*

# Keðjuábyrgð við opinber innkaup innleidd um áramótin

***Alþingi samþykkti nýlega breytingar á lögum um opinber innkaup. Í þeim er innleidd krafa um keðjuábyrgð varðandi öll innkaup sem falla undir lögin. Í lögunum segir nú að aðalverktaki skuli tryggja og bera ábyrgð á því að allir starfsmenn hans, undirverktakar eða starfsmannaleigur fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.***

Ákvæðið tekur gildi um næstu áramót. Markmiðið er að tíminn fram að áramótum verði nýttur til að búa til leiðbeiningar og undirbúa ríkið og stofnanir þess undir þessa breytingu. Í fréttamolum frá ASÍ segir að með þessu hafi náðst mikilvægur áfangi í baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir innleiðingu keðjuábyrgðar á íslenskum vinnumarkaði. „Alþýðusambandið mun fylgja málinu fast eftir og taka virkan þátt í undirbúningnum undir framkvæmdina, þannig að lagabreytingin skili því sem lagt er upp með."



# NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ



## FJALLABYGGÐ

Sími 460 3600
Eyrargata 24b
Opið alla virka daga frá kl. 9 til 15

## HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

## GRENIVÍK

Sími 844 5729



Róbert Þorsteinsson
Svæðisfulltrúi



## DALVÍK

Sími 460 3600
Hafnarbraut 5
Opið alla virka daga frá kl. 10 til 16






## AKUREYRI

Sími 460 3600
Skipagötu 14
Opið alla virka daga frá kl. 8 til 16



# VERIÐ VELKOMIN!

EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

EINING-IÐJA

www.ein.is

# Hvað er KLUKK? - What is Klukk? - Co to jest Klukk?

Klukk er tímaskráningarapp og er einnig fáanlegt á ensku og pólsku. Nýjasta útgáfan af Klukki uppfærist sjálfkrafa í símanum og er skipt um tungumál með því að fara í stillingar í appinu. Tilgangurinn með appinu er að hjálpa launafólki að halda utan um sínar vinnustundir. Þannig má á auðveldan hátt nálgast yfirlit yfir unna tíma í mánuði og bera saman við greiddar vinnustundir á launaseðli og ganga þannig úr skugga um að þú fáir rétt greitt frá þínum launagreiðanda. Í appinu getur þú klukkað þig inn og út, ásamt því að appið minnir þig á að klukka sig þegar þú kemur eða ferð af vinnustaðnum. Á einfaldan máta er jafnframt hægt að fá tímaskýrslu senda í tölvupósti sem excel-skjal.

**Klukk er ókeypis** og er fáanlegt í Appstore (iPhone) og Playstore (Android). Félagsmenn eru hvattir til að ná í appið og prófa.

***Allar nánari upplýsingar um appið er að finna á*** ***www.asi.is/klukk***

## *What is Klukk?*

**Klukk is an free app** for recording hours of work, helping you keep track of your work hours in a simple manner. The app allows you to make sure you are paid correctly from your employer.

**Where can I get Klukk?** Klukk can be downloaded from App store and Play store.



## *Co to jest Klukk?*

Klukk jest aplikacją zapisująca godziny, ma pomóc Ci w prosty sposób w rejestracji czasu pracy. Aplikacja ta zapewni, że pobory za przepracowany okres będą prawidłowo naliczone przez Twego pracodawcę.

**Gdzie mogę „pobrać" Klukk?** Klukk można pobrać w App store i Play store. Poniżej podano linki do pobrania aplikacji Klukk.




# Ert þú að vinna í sumar?

*Þegar skólarnir klárast á vorin fara flest ungmenni í sumarvinnu en sumarvinnan gefur þeim dýrmæta starfsreynslu á vinnumarkaði. Að mörgu er að huga þegar farið er út á vinnumarkaðinn og hér eru því nokkur mikilvæg atriði sem gott er að hafa í huga.*

- Nauðsynlegt er að gera ráðningarsamning og gott er að lesa hann yfir með foreldrum áður en þú skrifar undir!
- Laun eru greidd fyrsta dag hvers mánaðar eftir að þeim mánuði lýkur sem laun eru greidd fyrir.
- Launaseðill er mikilvægur! – Mikilvægt er að fara yfir launataxtann og unna tíma!
- Prufutími á alltaf að vera greiddur – Þú átt ekki að vinna ókeypis!
- Jafnaðarkaup – Það er ekki samið um jafnaðarkaup í kjarasamningum!
- Þú átt að fá greitt stórhátíðarálag þegar þú vinnur á stórhátíðardögum!

Orlofshús

# LAUS HÚS Í SUMAR – *Fyrstur pantar – fyrstur fær!*



Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, ***www. ein.is***, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofur félagsins *í síma 460 3600*, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.

# KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT




Available on the App Store

GET IT ON Google play

## *VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU*

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út.
Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

**Nánar á asi.is/klukk**

Now also in English

Teraz także w języku polskim


PACTA
LÖGMENN ALLRA LANDSMANNA
Hjá Pacta starfa um 30 lögfræðingar á 14 starfsstöðvum víða um land. Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.
Akranes
Akureyri
Blönduós
Dalvík
Egilsstaðir
Hafnarfjörður
Húsavík
Ísafjörður
Reyðarfjörður
Reykjavík
Sauðárkrókur
Selfoss
Siglufjörður
Suðurnes
Símanúmer okkar er 440 7900 · pacta@pacta.is · www.pacta.is
THE PARLEX GROUP
Pacta er virkur aðili að THE PARLEX GROUP og hefur byggt upp traust viðskiptasamband og persónulegt tengslanet við virtar lögmannsstofur víða um heim. www.parlex.org